


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Grænn lífsstíll








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
20. júlí 2011
167. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Vann fram yfir áttrætt**
*Gunnar Ólafsson, fyrrverandi skipstjóri Akraborgarinnar, er níræður í dag.*
tímamót 16

**Lækna vantar**
*Tækifæri hafa skapast í lækningatengdri ferðaþjónustu.*
allt 2



**Stjörnustelpur í stuði**
*Stjarnan heldur forskoti sínu í Pepsi-deild kvenna.*
sport 26

**veðrið í dag**




**MISSKIPT Í DAG** Víða léttskýjað S- og V- til. NA-til verður skýjað með köflum og líkur á þokubökkum með ströndinni. Hiti NA-til 6-10 stig en 10-17 stig V-til.
VEÐUR 4

# Örfá mál endurupptekin

**Dómarar í Hæstarétti taka ákvörðun um endurupptöku mála sem þeir sjálfir hafa dæmt. Á 11 árum voru aðeins fjórar beiðnir af 35 samþykktar. Ráðherra telur endurskoðun á lögum þar um koma til greina.**

**STJÓRNSÝSLA** Hæstarétti barst 41 beiðni um endurupptöku máls á tímabilinu 1. janúar 2000 til 1. janúar 2011. Rétturinn samþykkti fjórar þeirra, en fimm voru afturkallaðar. Eftir standa 32 beiðnir sem hafnað var á umræddu tímabili.

Í þeim 32 málum sem Hæstiréttur tók upp að nýju á þessum ellefu árum tóku þrír dómarar ákvörðun um afgreiðslu málsins í öllum tilvikum nema einu, þar var um að ræða ákvörðun fullskipaðs dóms.

Í tíu tilvikum höfðu dómarar sem tóku ákvörðun um endurupptöku ekki dæmt málið, en í sextán hafði einn dómari af þremur tekið þátt í að dæma það. Í fimm tilvikum höfðu hins vegar tveir af þremur dómurum áður dæmt í málinu og í því tilfelli er dómurinn var fullskipaður höfðu þrír dómarar dæmt málið fyrir dómi.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á meðferð sakamála. Álfheiður Ingadóttir, fyrsti flutningsmaður, segir að núverandi fyrirkomulag sé úr sér gengið. Það gangi ekki að dómarar sem komið hafi að málinu áður meti hvort það skuli tekið upp að nýju. „Það ætti að vera búið að kasta þessu fyrir róða fyrir lifandis löngu.“

Í svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar um málið, á þingi í vor, sagði ráðherrann vel koma til greina að breyta lögum um endurupptöku mála sem Hæstiréttur hefur áður dæmt.

Í frumvarpinu er kveðið á um að komið verði á fót endurupptökunefnd sem taki afstöðu til þess hvort Hæstiréttur taki upp mál að nýju eður ei. Formaður nefndarinnar skuli uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara. Þá verði úrskurðir nefndarinnar gerðir opinberir en Álfheiður segir það brotalöm í núverandi kerfi að afstaða Hæstaréttar til endurupptökubeiðni er ekki gerð opinber eins og gildir um aðrar ákvarðanir réttarins.

Álfheiður segir þetta fyrirkomulag þekkjast í Noregi. Það tryggi að óháðir aðilar meti málin.

- kóp

### Kynnir sér málið

„Sú umræða sem farið hefur fram um Geirfinnsmálið, bæði nú og í langan tíma, hefur aldeilis ekki farið framhjá mér. Ég hef verið að kanna þetta mál frá ýmsum hliðum, viða að mér gögnum og gaumgæfa málið, þó að ég sé ekki reiðubúinn að tjá mig frekar um það á þessu stigi. Ég er að fara yfir málavöxtu,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.



**ERFITT LÍF FERÐAMANNSINS** Fjöldi ferðamanna á Íslandi er nú í sögulegu hámarki en háannatími ferðaþjónustunnar stendur yfir. Flestir ferðamenn sem hingað koma leggja leið sína í miðbæ Reykjavíkur en þar getur verið gott að kasta aðeins mæðinni eftir daglangt rölt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lofsamleg gagnrýni í NYT:

## Á meðal þeirra merkustu

**MYNDLIST** Myndlistarmaðurinn Birgir Andrésson er talinn í hópi merkustu póstmódernísku konseptlistamanna Norðurlanda á síðari hluta 20. aldar. Þetta kemur fram í sýningarskrá sýningar á verkum hans og Danans Pouls Gernes sem nú stendur yfir í Sean Kelly galleríinu í New York.



BIRGIR ANDRÉSSON

Gagnrýnandi The New York Times, Karen Rosenberg, fer fögrum orðum um sýninguna, og segir hina látnu listamenn, Birgi og Gernes, eiga skilið að vera mun þekktari vestanhafs en raunin sé.

Unnið er að bók fyrir alþjóðlegan markað um feril Birgis og þýðingu í alþjóðlegu listumhverfi. Þar mun hinn kunni listfræðingur Robert Hobbs rita inngang þar sem hann setur verk Birgis í alþjóðlegt samhengi.

- fsb / sjá síðu 22

Stuðningsmenn, þjálfari sem og forseti AEK vænta mikils af Eiði Smára:

# Eiður á að auka miðasöluna

**ÍÞRÓTTIR** „Stavros Adamidis, forseti AEK, er að vonast eftir því að með kaupunum á Eiði Smára Guðjohnsen muni sala á árskortum félagsins aukast,“ segir Dimitris Moros, íþróttafréttamaður hjá gríska dagblaðinu Ta Nea.

Hann segir að kaupin séu talin með þeim allra mikilvægustu sem liðið hefur nokkurn tímann gert. „En þetta er ekki bara gert í hagnaðarskyni því Manolo Jiménez þjálfari hefur einnig tekið það fram að hann muni aðlaga leik liðsins að miklu leyti að Eiði,“ bætir hann við. „Eiður hefur mikla reynslu eftir að hafa spilað með þeim bestu bæði á Englandi og Spáni og þessa reynslu ætlar AEK að nýta sér. “



DIMITRIS MOROS

Um 1.500 aðdáendur tóku á móti Eiði Smára á flugvellinum í Aþenu á fimmtudag. „Það sýnir hvað þetta er mikið mál fyrir AEK. Til samanburðar má geta þess að þrjú þúsund manns tóku á móti átrúnaðargoðinu Rivaldo þegar okkar stærsta lið, Panaþinaikos, keypti hann.“

- jse / sjá síðu 26









## SPURNING DAGSINS



*Magnús, sjáið þið ekki skóginn fyrir trjánum?*

„Allt er vænt sem vel er grænt!“

Magnús Gunnarsson er formaður Skógræktarfélags Íslands sem í samstarfi við Háskólann í Reykjavík vill taka að sér uppbyggingu útivistarparadísar í Öskjuhlíð. Þar er þegar mikill trjágróður.

Leggja nýjan sæstreng fyrir gagnaflutninga milli Evrópu og Norður-Ameríku:

# Horfa til viðskipta við gagnaver

**FJARSKIPTI** Undirbúningur að lagningu á nýjum sæstreng til gagnaflutninga milli Evrópu og Norður-Ameríku í gegnum Ísland er hafinn. Leggja á strenginn næsta sumar, en eigendur hans horfa meðal annars til viðskipta við gagnaver hér á landi.

Strengurinn mun liggja frá meginlandi Evrópu til Bretlands, Íslands og loks Norður-Ameríku. Hann verður í eigu fyrirtækisins Emerald Atlantis, sem er að stórum hluta í eigu breska sjóðsins Wellcome Trust.

Lagning strengsins hefur verið þrjú ár í undirbúningi, og eru botnrannsóknir á væntanlegri leið strengsins nú að hefjast, segir Jón Birgir Jónsson, talsmaður Emerald Atlantis á Íslandi. Stefnt er að því að leggja strenginn næsta sumar, og taka hann í notkun síðar á árinu.



**STRENGUR** Sérstök skip þarf til að leggja sæstrengi, og er stefnt á að strengur Emerald Atlantis verði lagður næsta sumar.

Kostnaður mun hlaupa á nokkrum milljörðum króna. Strengurinn verður fjármagnaður að einum þriðja með eigin fé en að tveimur þriðju með lánum, segir Jón Birgir. Fyrsti áfangi af þremur hefur þegar verið að fullu fjármagnaður.

Nýi strengurinn mun gera Ísland að mun fýsilegri kosti fyrir gagnaver erlendra stórfyrirtækja vegna mikillar afkastagetu og hraða, segir Jón Birgir. **- bj**

Fórnarlamb á batavegi:

# Var útskrifaður af gjörgæslu

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri, sem var stunginn í slagæð í hálsi með hnífi á veitingastaðnum Monte Carlo á fimmtudagskvöld, er kominn úr öndunarvél. Hann var útskrifaður af gjörgæsludeild Landspítalans í gær, samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni, og fluttur á almenna deild.

Árásarmaðurinn, sem er tæplega fertugur með erlent ríkisfang, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 29. júlí næstkomandi. **- jss**

Flugmenn ná samningum:

# Yfirvinnubanni verið aflýst

**SAMGÖNGUR** Flugmenn hjá Icelandair hafa náð nýjum kjarasamning við félagið. Skrifað var undir samninginn á níunda tímanum í gærkvöldi með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Flugmenn munu nú greiða atkvæði um samninginn. Atkvæðagreiðslan hefst í dag og á henni að vera lokið á miðvikudaginn eftir viku segir Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Yfirvinnubanni flugmanna hjá félaginu, sem tók gildi í gær, hefur nú verið aflýst.

Hafsteinn vildi ekki skýra í smáatriðum muninn á þessum samningi og þeim sem flugmenn felldu fyrir skömmu fyrr en samningurinn hefur verið kynntur félagsmönnum. Munurinn snúi þó einkum að starfsöryggi flugmannanna, sem hafi verið bitbein í viðræðunum við Icelandair. **- bj**

Árlegt mat Moody's á Íslandi:

# Hóflegur styrkur hagkerfisins

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's segir lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins endurspegla hóflegan styrk hagkerfisins og sterkar stofnanir þess. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu fyrirtækisins um Ísland.

Hjá Moody's hefur Ísland einkunnina Baa3 sem er aðeins einum flokki yfir rusflokki. Þá eru horfur landsins neikvæðar.

Í skýrslunni eru neikvæðu horfurnar sagðar til komnar vegna erfiðra verkefna stjórnvalda við að laga stöðu ríkisfjármála og þess hve berskjaldað hagkerfið er fyrir ytri áföllum. Þó er tekið fram að Ísland hafi náð miklum árangri í að rétta hagkerfið við eftir kreppuna sem skall á haustið 2008. **- mþl**



**STEINOLÍA Á KAGGANN** Þessi dældi steinolíu á bílinn sinn á bensínstöð N1 á Ártúnshöfða í gær. Það er töluvert ódýrara en að fylla hann af dísil og áhöld eru um hvort bílnum verður nokkuð meint af. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Sala á steinolíu hefur tífaldast á sex árum

**Algengt að steinolíu sé dælt á dísilbíla. Ekki ólöglegt þótt ekkert olíugjald sé lagt á steinolíuna. Rúmlega 1,1 milljón lítra seld í fyrra, samanborið við 118 þúsund lítra 2005. Fimmfaldaðist á einu ári eftir að dísill varð dýrari en bensín.**

**UMFERÐ** Sala á steinolíu hefur snaraukist á undanförnum árum. Í fyrra var hún tíu sinnum meiri en árið 2005. Mjög hefur færst í vöxt að steinolía sé notuð á eldri dísilbíla, ýmist hrein eða blönduð í dísil, enda er lítrinn af steinolíu tugum króna ódýrari en dísilolíulítrinn.

Í tölum frá Flutningsjöfnunarsjóði, sem Fréttablaðið hefur aflað sér, má sjá að salan á steinolíu tók gríðarlegan kipp á milli áranna 2007 og 2008, þegar hún nálega fimmfaldaðist á einu ári. Þetta hefur verið sett í samhengi við verðhækkanir á dísilolíu á árinu 2007, en það ár varð hún í fyrsta sinn dýrari en bensínið.

Síðan hefur salan enn aukist og var á síðasta ári yfir 1.120 þúsund lítrar, samanborið við 118 þúsund lítra árið 2005. Heimildir Fréttablaðsins herma að vísbendingar séu um að sala hennar hafi enn aukist það sem af er þessu ári.

Hægt er að nálgast steinolíu í dælum á bensínstöðvum og svo virðist sem jafnt megi nota hana í stað dísilolíu á dísilbíla sem ekki eru af allra nýjustu gerð. Nýlegustu dísilvélar hafa búnað sem ekki ræður við steinolíuna. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við sögðu að viss áhætta væri engu að síður fólgin í því að nota steinolíuna á eldri dísilbíla, enda kynni það að slíta vélunum hraðar en ella.

Ekkert olíugjald leggst á steinolíu enda er hún ekki ætluð sem eldsneyti fyrir ökutæki. Olíugjaldið er 55 krónur á hvern lítra svo það er ljóst að töluverður sparnaður hlýst af því að nota hana í stað dísilolíunnar eða með henni. Þrátt fyrir að ekkert olíugjald leggist á hana er notkun hennar lögleg, ólíkt litaðri dísilolíu sem einnig er undanþegin olíugjaldi. **stigur@frettabladid.is**




Ólöglegur erindreki Pakistans:

# Handtekinn í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN, AP** Pakistönsk stjórnvöld létu milljónir dollara renna til samtaka í Bandaríkjunum. Þau áttu að reyna að hafa áhrif á stefnu bandarískra stjórnvalda í málefnum tengdum Pakistan.

Bandaríska alríkislögreglan, FBI, sakar forsprakka Kasmírbandaríska ráðsins um að vera óskráður erindreki pakistanskra stjórnvalda, og hafa með ólöglegum hætti fengið árlega 500 til 700 þúsund Bandaríkjadala frá Pakistan árum saman. Pakistönsk stjórnvöld segja ásakanirnar ekki eiga við rök að styðjast. **- bj**



**SLÖKUN** Börnum stressaðra mæðra er hættara við kvillum en öðrum börnum. NORDICPHOTOS/AFP

Vara við stressi á meðgöngu:

# Gæti haft varanleg áhrif

**VÍSINDI** Sé barnshafandi kona undir miklu álagi gæti stressið haft varanleg áhrif á fóstrið í móðurkviði samkvæmt niðurstöðum rannsóknar þýskra sálfræðinga sem birtist í virtu sálfræðitímariti.

Ekki er hægt að fullyrða að stress á meðgöngu, til dæmis vegna ofbeldis af hálfu maka, hafi alltaf áhrif á ófædd börn. Vísindamennirnir sem unnu að rannsókninni segja niðurstöðurnar þó benda eindregið til þess að börnunum sé hættara en öðrum við stressi, geðrænum kvillum og hegðunarvandamálum á lífsleiðinni, að því er fram kemur í frétt BBC. **- bj**

HÓPKAUP.IS Í DAG

Kjúklingasalat með perum, ólífuolíu og balsamic

790 kr. GILDIR 24 TÍMA

Verð 1.800 kr. | Afsláttur 56% | Afsláttur í kr. 1.010 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Eagle Café er flottur veitingastaður í hjarta miðbæjarins við Hafnarbúðir, Geirsgötu 9, í sama húsi og fuglasafn Íslands. Búið er að byggja flottan pall fyrir þá sem vilja njóta veitinganna utandyra.

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA

Yfirlæknir á Vogi segir könnun á tengslum áfengissýki og dánarmeina mikilvæga:

# Fullir fá aðra meðferð á bráðavakt

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir fyrirhugaða rannsókn á tengslum áfengissýki og dánarmeina afar mikilvæga. Persónuvernd hafnar að leyfa rannsóknina þar til betur liggur fyrir hvernig tryggja eigi öryggi viðkvæmra upplýsinga um einstaklinga sem fengu meðferð við áfengissýki.

„Þetta er hið besta mál,“ segir Þórarinn um rannsóknina sem tveir háskólanemar hyggjast vinna undir handleiðslu og á ábyrgð Vilhjálms Rafnssonar hjá Rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði. Nota á sjúkraskrár Vogs frá árinu 1980 og bera saman við dánarmeinaskrá Hagstofunnar.

Þórarinn telur rannsóknina ekki aðeins geta hnykkt á því að lífslíkur áfengissjúklinga minnki heldur muni upplýsingarnar gagnast bæði sjúklingunum og heilsugæslunni til að vera á varðbergi. Oft sé tekið á annan hátt á drukknu fólki og þeim sem séu undir áhrifum fíkniefna þegar þeir koma á slysavarðstofuna.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** Yfirlæknirinn á Vogi segir vandamál að ekki sé litið á áfengissýki sem alvörusjúkdóm og því sé lítið fé sett í forvarnir og meðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Vilhjálmur hefur sýnt fram á að lífslíkur þessa fólks eru mjög lágar. Það er í meiri hættu á að deyja á næstu tíu árum heldur en ef það kæmi á bráðamóttöku með alvarlega sjúkdóma,“ segir Þórarinn.

Sjúkraskrár Vogs hafa nú þegar verið notaðar til erfðarannsókna með heimild Persónuverndar að sögn Þórarins. „Það er allt háð ströngum leyfum og við höfum alltaf reynt að fara mjög varlega með þessi gögn hjá okkur,“ segir yfirlæknirinn. **- gar**

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# 3 til 5 nátta Borgarferðir í haust með VITA







## DUBLIN
ÍRLANDI

**3. nóv.**
**3 nætur**

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 75.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Camden Court Hotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 85.200 kr.

## RIGA
LETTLANDI

**7. okt.**
**3 nætur**

Falleg borg með steinlögðum strætum og merkum byggingum frá fyrri öldum. Saga, menning, góðir veitingastaðir og fyrirtaks verslanir.

**Verð frá 76.300 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Hotel Albert í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 86.300 kr.

## EDINBORG
SKOTLANDI

Gott fólk 60+

**13. okt. til 18. okt.**
**5 nætur**

**27. okt. og 17. nóv.**
**3 nætur**

**3. nóv.**
**5 nætur**

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri.

**Verð frá 71.400 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Mount Royal, 13. okt í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 81.400 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 55753 07/11

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP



**Við erum flutt!**
Suðurlandsbraut 2
Hilton Reykjavik Nordica

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**GENGIÐ 19.07.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,97 | 117,53 |
| Sterlingspund | 188,43 | 189,35 |
| Evra | 165,69 | 166,61 |
| Dönsk króna | 22,218 | 22,348 |
| Norsk króna | 21,091 | 21,215 |
| Sænsk króna | 17,974 | 18,080 |
| Japanskt jen | 1,4814 | 1,4900 |
| SDR | 186,06 | 187,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,3404

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Unglingar vistaðir á meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði struku:

# Réðust á starfsmann og læstu inni

**FÉLAGSMÁL** Fjórir unglingsdrengir réðust á starfsmann á meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði á sunnudag. Því næst læstu þeir starfsmanninn inni, stálu peningum og struku á stolnum bíl. Meiðsl starfsmannsins voru minniháttar, að því er fram kemur á fréttavef Ríkisútvarpsins.

„Við lítum alltaf alvarlegum augum atvik af þessu tagi. Það er alveg ljóst að þegar um er að ræða líkamsárás og ég tala nú ekki um þegar ofan á þetta bætist að þeir komust yfir bifreið, sem er náttúrulega drápstæki í sjálfu sér í höndum unglinga, er það háalvarlegur hlutur," sagði Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu um málið í samtali við Vísi.



BRAGI GUÐBRANDSSON

Unglingarnir eru fæddir árin 1993 og 1995. Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Akureyri voru þeir handteknir á gistiheimili á Akureyri á mánudag. Þangað voru þeir sóttir af lögreglunni á Sauðárkróki en tveir þeirra voru svo fluttir á Stuðla í Reykjavík.

Meðferðar- og skólaheimilið Háholt er einkarekið á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu. Þar dvelja 15 til 18 ára unglingar sem eiga við alvarlegan hegðunarvanda að stríða.

Að sögn Braga verður farið yfir öryggismál í Háholti í kjölfar málsins. **- mmg**

Skútu siglt til Gasa:

## Ísraelar stöðvuðu för skútu

**ÍSRAEL, AP** Ísraelski herinn stöðvaði í gær för franskrar skútu sem stefndi í áttina að Gasaströnd. Ísraelsher segir skipverja ekki hafa sýnt neina mótstöðu.

Skipinu var ætlað að vekja athygli á einangrun Gasasvæðisins með því að rjúfa þessa einangrun. Á síðasta ári stöðvaði Ísraelsher för heils skipaflota sem hafði þetta sama markmið, og létust þá níu manns í átökum við herinn. Ísraelsher var víða gagnrýndur eftir þau átök. **- gb**



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Ban Ki-moon hefur sitt annað kjörtímabil þann fyrsta janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýtt kjörtímabil hjá SÞ:

## Sjálfbær þróun næstu árin

**SVISS, AP** Sjálfbær þróun sem dregur úr fátækt en varðveitir umhverfið verður meginviðfangsefni næstu fimm ára í starfi Ban Ki-moon hjá Sameinuðu þjóðunum.

Þetta sagði framkvæmdastjórinn á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í gær. Hann mun hefja annað fimm ára í starfi framkvæmdastjóra í byrjun næsta árs. Hann sagði sjálfbæra þróun tengja saman mörg önnur markmið, eins og loftslagsmál, heilbrigðismál, málefni kvenna og skort á mat, vatni og orku. **- þeb**

**HÚNAÞING VESTRA**

**Töldu seli á Vatnsnesi**

Um 30 manns tóku þátt í árlegri selatalningu Selaseturs Íslands á Hvammstanga. Alls taldi fólkið 1.033 seli á Vatnsnesi og Heggstaðanesi. Í fyrra voru taldir 1.057 selir. Svæðið sem talið var á er 100 kílómetra langt. Því er skipt upp í 27 svæði og fer talningin fram á sama tíma á öllum svæðum. Fóru talningarmenn um gangandi, ríðandi og á bát.

# Samþykki breytingar innan sex vikna

**Stjórnvöld verða að samþykkja innan sex vikna að setja þak á stærð og verð íbúða sem Íbúðalánasjóður fjármagnar. Tímafresturinn kemur mér á óvart, segir velferðarráðherra. Stjórnvöld höfðu frest til tillagna til fyrsta nóvember.**

**STJÓRNSÝSLA** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur sent íslenskum stjórnvöldum tillögur um hvernig Íbúðalánasjóði verði breytt til að laga hann að reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Stofnunin hafði áður veitt stjórnvöldum frest til andsvara, en hann virðist nú hafa verið styttur.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segist ekki skilja hvers vegna þessar tillögur komi nú. Stjórnvöld hafi haft frest fram til nóvember til að leggja fram áætlun um hvernig Íbúðalánasjóði yrði breytt. Hann segir þetta koma sér mjög á óvart. „Við þurfum að sjá hvað liggur að baki þessu, hvað hefur breyst."



GUÐBJARTUR HANNESSON

Athugasemdir stofnunarinnar byggja á dómi EFTA-dómstólsins frá 2006. Þar segir að íslenskum stjórnvöldum beri að skilgreina betur hlutverk Íbúðalánasjóðs í almannaþjónustu. Tryggja þurfi betur að ríkisaðstoð sú sem sjóðurinn nýtur sé aðeins nýtt til almannaþjónustu, ekki starfsemi af viðskiptalegum toga. Með öðrum orðum, að skilja þurfi betur á milli samkeppnislegra og félagslegra þátta.

„Við þurfum að skoða betur hvernig ríkisábyrgðirnar eru og hvernig sjóðurinn fellur undir eftirlitskerfið í samanburði við banka og annað. Við höfum ýtt þessu á undan okkur á meðan við sjáum hvernig samfélagið endurreisir sig eftir bankahrunið," segir Guðbjartur.



**ÍBÚÐIR** Skilja verður á milli samfélagslegra og viðskiptalegra þátta Íbúðalánasjóðs samkvæmt kröfu ESA. Stofnunin hefur stytt þann frest sem stjórnvöld höfðu til tillagna um breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eftirlitsstofnunin leggur til að þak verði sett á verð og stærð þess húsnæðis sem Íbúðalánasjóður lánar til. Með þessu á að koma í veg fyrir að ívilnanir tengdar félagslegri þjónustu komi viðskiptahluta starfseminnar til góða.

Guðbjartur segir að málið verði skoðað og á því fundin lausn. Mikilvægt sé að viðhalda félagslegu húsnæðiskerfi. „Mikilvægi sjóðsins hefur aukist ef eitthvað er að undanförnu."

Málinu er lokið af hálfu ESA samþykki íslensk stjórnvöld tillögurnar innan sex vikna. Að öðrum kosti kann að fara svo að stofnunin hefji formlega rannsókn á grundvelli aðfinnsla sinna.

Guðbjartur segir að krafa um sex vikna frest núna komi sér á óvart. **kolbeinn@frettabladid.is**



**VERSLUN** Samdráttur varð í fataverslun í júní miðað við árið í fyrra.

Smásöluvísitalan:

## Samdráttur í fataverslun

**VIÐSKIPTI Velta í dagvöruverslun jókst um 3,3 prósent á föstu verðlagi í júní borið saman við sama mánuð í fyrra. Á sama tímabili dróst fataverslun saman um 6,5 prósent á föstu verðlagi. Verð á dagvöru hefur hækkað um 3,3 prósent á síðustu tólf mánuðum.**

**Þetta er meðal þess sem kemur fram í Smásöluvísitölu Rannsóknarseturs verslunarinnar. Þar kemur einnig fram að velta skóverslunar jókst um 4,7 prósent í júní og velta húsgagnaverslunar um 6,2 prósent. Þá jókst sala á raftækjum um 8,5 prósent og sala áfengis um 1,2 prósent í sama mánuði.** **- mþl**

Landsvirkjun Power í útrás:

## Hanna virkjun í Tergi í Georgíu

**ORKUMÁL** Landsvirkjun Power, dótturfélag Landsvirkjunar, og verkfræðistofan Verkís hafa gert samning við orkufyrirtæki í Georgíu um hönnun nýrrar vatnsaflsvirkjunar í Georgíu.

Virkjunin verður í ánni Tergi í Kákasusfjöllum, nærri rússnesku landamærunum. Hönnuð verður rennslisvirkjun með stíflu, 1,6 kílómetra löngum veitustokki og sex kílómetra aðrennslisgöngum, að því er fram kemur á vef Landsvirkjunar. Verkinu á að ljúka árið 2014. **- bj**

**Travel John ferðaklósett leysa málið**

*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*



*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum **Lyfju** og **Lyf og heilsu apótekum.***

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

TravelJohn

**VEÐURSPÁ**



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDUR AÐ SNÚAST** Í dag verður svalt NA-til en snýst í V-átt á morgun og hlýnar og birtir til. Fallegt veður um allt land á morgun. Á föstudag snýst í S-átt, hvessir og fer að rigna SV-lands. En hægara um og nokkuð bjart NA-til



**Á MORGUN** hæg V-læg eða breytileg átt

**FÖSTUDAGUR** Fremur hægur vindur, hvessir SV-til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 24° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 21° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 21° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN
AUGLÝSIR
AÐEINS 8.995,-
DAM TASLAN NÆLONVÖÐLUR
- með áföstum stígvélum.
AÐEINS 15.995,-
RON THOMPSON NEOPRENVÖÐLUR
- Stígvél með filtsóla.
FRÁBÆRT VERÐ 24.900,-
ÖNDUNARVÖÐLU PAKKAR
Ron Thompson Hydroforce öndunarvöðlur og Scierra Contour vöðluskór með filtsóla.
FRÁBÆRT VERÐ 29.900,-
ÖNDUNARVÖÐLU PAKKAR
Scierra CC3 öndunarvöðlur og Scierra Contour vöðluskór með filtsóla.
AÐEINS 9.995,-
STERKASTA STÖNG Í HEIMI?
Ron Thompson Tyran stöngin komin aftur. Fáanleg í nokkrum lengdum.
AÐEINS 8.995,-
RON THOMPSON STEELHEAD KASTSTÖNG
Vönduð stöng í silung og lax. Margar lengdir.
AÐEINS 3.995,-
OKUMA ELECTRON VEIÐIHJÓL
Girni og aukaspóla.
AÐEINS 19.900,-
SCIERRA EMERGER FLUGUVEIÐIPAKKI
- á góðu verði. Fjögurra hluta stöng, gott hjól með vandaðri flotlínu og undirlínu. DVD með kastkennslu.
AÐEINS 39.900,-
SCEIRRA EMERGER TVÍHENDUPAKKI
- á óviðjafnanlegu verði. Fjögurra hluta stöng, vandað hjól og góð skotlína. DVD með kastkennslu.
AÐEINS 3.995,-
RON THOMPSON VEIÐIVESTI
Gott vesti með mörgum vösum.
AÐEINS 12.995,-
RON THOMPSON ONTARIO VEIÐIJAKKI
Hægt að renna ermum af.
TILBOÐSVERÐ AÐEINS 15.995,-
RON THOMPSON VEIÐIJAKKI
Vatnsheldur jakki með útöndun. Fullt verð 18.995.-
AÐEINS 5.995,-
STÁL OG HNÍFAR
Hnífasett, stál og bretti í handhægri tösku.
TILBOÐ AÐEINS 8.995,-
REYKOFNAR Á TILBOÐI
Töfraðu fram veislumáltíð heima eða í veiðiferðinni.
AÐEINS 5.995,-
RON THOMPSON ENERGIZER FLUGULÍNA
Flotlína fáanleg í línuþyngdum #5, #6, #7 og #8.
VERÐ FRÁ 11.995,-
OKUMA SLV FLUGUHJÓL
Af mörgum talin bestu kaupin í fluguhjólum. Hjólið sem er úr áli er létt og sterkt með öflugum bremsum.
SPÚNAR Á BÆJARINS BESTA VERÐI?
ÓDÝRU SPÚNARNIR EINNIG Á WWW.VEIDIMADURINN.IS
TOBIE FRÁ 299,-
BLEIKJUSPINNER 299,-
ESJA 395,-
BAULA 395,-
HENGILL 395,-
DYNGJA 395,-
FAXI 395,-
LAKI 395,-
KATLA 395,-
SNÆLDA 595,-
SILUNGAFLUGUR Á FÍNU VERÐI
PEACOCK 220,-
KRÓKUR 220,-
KILLER 220,-
WATSON FANCY 220,-
MÝSLA 220,-
ALMA RÚN 220,-
FLÆÐARMÚS 290,-
NOBBLER 290,-
HÓLMFRÍÐUR 290,-
BLACK GHOST 290,-
BEITAN Í VEIÐIFERÐINA - ORMAR OG MAKRÍLL
SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050
Í leiðinni úr bænum
MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að sekta eigi fólk fyrir að ganga illa um í höfuðborginni?*

| | |
|---|---|
| JÁ: | 93,1% |
| NEI: | 6,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú lagt fé í söfnun hjálparsamtaka vegna hungursneyðarinnar í Austur-Afríku?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Framkvæmdastjórn ESB kynnti ráðherrum tillögur að nýrri sjávarútvegsstefnu:

# Upphafið að löngum viðræðum

**EVRÓPUMÁL** „Eftir eitt ár getum við vonandi verið komin með samkomulag um nýja sjávarútvegsstefnu," sagði Maria Damanaki, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eftir að hafa hlýtt á viðbrögð sjávarútvegsráðherra aðildarríkjanna við tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

Tillögunum var almennt vel tekið en ráðherrarnir gerðu þó ýmsar athugasemdir, meðal annars um það hvort raunhæft sé að tillögurnar verði farnar að skila árangri strax árið 2015 eða hvort raunhæft væri að aðlaga mismunandi reglur aðildarríkjanna að þessum breytingum.

Þegar Damanaki lagði tillögurnar fram í framkvæmdastjórn ESB í síðustu viku sagðist hún gera sér grein fyrir að nú fari í hönd erfiðasti tíminn, þegar sannfæra þurfi ráðamenn í aðildarríkjunum um ágæti þeirra.

„Það verður mikil vinna að fara í gegnum þetta, en með góðri samvinnu ætti það að takast," sagði hún í gær. **- gb**



**Í HÖFUÐSTÖÐVUM ESB** Richard Benyon, sjávarútvegsráðherra Bretlands, í samræðum við Mariu Damanaki. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópubúar láti bólusetja sig:

## Varað við mislingafaraldri

**HEILBRIGÐISMÁL** Meira en tólf þúsund manns greindust með mislinga í Evrópu á fyrstu sex mánuðum ársins, fleiri en allt árið í fyrra.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað við því að tilfellum fari fjölgandi, sérstaklega þar sem meira sé um mannfagnaði á sumrin. Stofnunin hvetur fólk því til að láta bólusetja sig fyrir sjúkdómnum.

Bólusetning gefur fullkomna vörn gegn sjúkdómnum, að því er fram kemur á vef Landlæknisembættisins. **- þeb**

Eldsneytissali vill flugvallarlóð:

## Meiri veitingar við Skerjafjörð?

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirtækið Global Fuel ehf., sem sérhæfir sig í sölu eldsneytis og þjónustu við flugvélar og er með aðstöðu í suðvesturhluta Reykjavíkurflugvallar, vill að Reykjavíkurborg selji sér lóð við Skerjafjörð.

Í erindi til borgarinnar segir að Global Fuel sé í örum vexti og þurfi meira húsrými. Lóðin sem fyrirtækið hefur augastað á er suður af flugvallargirðingunni og nær að göngustígnum í Skerjafirði. Ætlunin er að byggja yfir skrifstofur og geymslur og vera enn fremur með veitingarekstur. Skammt frá, við sama göngustíg, er veitingahúsið Nauthóll. Lóðarumsókn Global Fuel hefur ekki verið afgreidd. **- gar**

Orðuveitingar drottningar:

## Breyting í kjölfar gagnrýni

**DANMÖRK** Lene Espersen, utanríkisráðherra Danmerkur, kveðst ekki bera ábyrgð á því að Margrét Þórhildur Danadrottning veitti Khalifa, konungi Barein, næstæðstu orðu Danmerkur. Orðan var veitt nokkrum vikum áður en skotið var á mótmælendur í Barein sem kröfðust lýðræðisumbóta.



**MARGRÉT ÞÓRHILDUR DANADROTTNING**

Í kjölfar gagnrýni á tímasetningu orðuveitingarinnar hefur það hins vegar orðið að samkomulagi milli hirðarinnar og utanríkisráðuneytisins að orðuveitingar í tengslum við opinberar heimsóknir í framtíðinni verði ræddar vandlega til þess að koma í veg fyrir misskilning. **- ibs**

Máttlitlar hótanir í Hafnarfirði:

## Lóðareigandi hunsar tilmæli

**SKIPULAGSMÁL** Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að leggja dagsektir á eiganda lóðar í Helluhrauni 2 hefur ekkert orðið af því.

Fram kemur í fundargerð byggingarfulltrúa að margar kvartanir hafi borist vegna lóðarinnar. „Eigendum húsnæðisins hefur margoft verið bent á að fjarlægja gáma á lóðinni sem ekki er leyfi fyrir," segir um málið sem teygir sig meira en þrjú ár aftur í tímann. Í tvígang í fyrra var gefinn fjögurra vikna frestur til úrbóta og því hótað að ella yrði dagsektum beitt. „Verði ekki brugðist við erindinu innan fjögurra vikna mun skipulags- og byggingarfulltrúi leggja dagsektir á lóðarhafa," ítrekar byggingarfulltrúinn nú enn tilmælin. **- gar**

# Feðgarnir segjast ekkert hafa vitað um hleranirnar

**Hvorki Rupert né James Murdoch sögðust hafa vitað um símhleranir á vegum blaða sinna, hvað þá mútugreiðslur til lögreglu. Feðgarnir sátu fyrir svörum hjá breskri þingnefnd í gær en gera þurfti stutt hlé á yfirheyrslunum eftir að maður úr áheyrendahópnum sletti raksápu á Rupert Murdoch.**

**BRETLAND** Í yfirheyrslum breskrar þingnefndar yfir eigendum og fyrrverandi framkvæmdastjóra vikublaðsins News of the World héldu þau öll því fram að þau hefðu ekki vitað um ólöglegt athæfi á vegum blaðanna.

Hinn áttræði fjölmiðlakóngur Rupert Murdoch sagði framkvæmdastjóra og ritstjóra blaðanna hafa séð um rekstur þeirra, en að hann hafi sjálfur ekki verið inni í daglegum störfum.

Sonur hans, James Murdoch, sagðist sömuleiðis ekki hafa vitað um ólöglegar símhleranir eða mútugreiðslur til lögreglu og Rebekah Brooks, fyrrverandi framkvæmdastjóri blaðsins, vissi heldur ekkert um hleranir eða mútugreiðslur.

Öll sögðust þau hins vegar afar leið vegna málsins og sögðust sérlega hneyksluð á því að farsími þrettán ára týndrar stúlku, sem síðar fannst látin, hafi verið hleraður.

Murdoch eldri sagði sökina liggja hjá fólki sem hann hafi treyst, „en þeir ásaka kannski fólk sem þeir treystu".

Málið hefur haft mikil áhrif á fjölmiðlaveldi Murdochs. Fyrirtæki hans hafa lækkað í verði á fjármálamörkuðum og rekstri News of the World var hætt eftir 168 ára samfellda útgáfu. Framkvæmdastjóri og fyrrverandi ritstjóri blaðsins hafa verið handteknir, yfirmenn bresku lögreglunnar hafa sagt af sér og vaxandi þrýstingur er á David Cameron forsætisráðherra.

Murdoch eldri sagði reyndar að andstæðingar hans hefðu komið af stað mikilli móðursýki vegna málsins, sem hafi orðið til þess að hann hafi ákveðið að hætta við að bjóða í rekstur sjónvarpsstöðvarinnar BSkyB.

Sean Hoare, blaðamaðurinn sem upphaflega ljóstraði því upp að hleranir hafi verið stundaðar á News of the World, fannst látinn á heimili sínu í gærmorgun.

Þrátt fyrir háan aldur lét Rupert Murdoch það lítil áhrif hafa á sig þótt maður hafi truflað yfirheyrsluna með því að sletta á hann raksápu. Wendy Deng, hin kínverska eiginkona Murdochs eldri, brá hins vegar snöggt við, stökk upp og sló til árásarmannsins. Yfirheyrslunni var haldið áfram stundarfjórðungi síðar, þegar maðurinn hafði verið handtekinn og Murdoch þurrkað af sér sápufroðuna.

gudsteinn@frettabladid.is



**FJÖLMIÐLAFÁR** Fjölmiðlar hafa fylgt Murdoch-feðgum eftir eins og skugginn síðan símhlerunarhneykslið komst í hámæli. Murdoch-egðar komu fram fyrir þingnefnd í Whitehall í miðborg Lundúna í gær en sýnt var beint frá yfirheyrslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÁÐIST AÐ RUPERT** Í miðjum yfirheyrslunum í gær réðst ókunnur maður að Rupert Murdoch og sletti raksápu á hann. Wendi Deng, eiginkona Ruperts, stökk þá upp úr stól aftan við eiginmanninn og reyndi að koma honum til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslensk stjórnvöld veita 18,5 milljónir til neyðaraðstoðar vegna hungursneyðar í austanverðri Afríku:

# Bregðast við neyðarástandi vegna þurrka

**UTANRÍKISMÁL** Ákveðið var á fundi ríkisstjórnarinnar í gær að íslensk stjórnvöld muni verja 18,5 milljónum króna til neyðaraðstoðar í austanverðri Afríku, að tillögu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra.

Með þessu vilja stjórnvöld bregðast við því neyðarástandi sem skapast hefur í Sómalíu, Keníu, Úganda og Eþíópíu þar sem uppskerubrestur hefur orðið vegna þurrka og ófriðar í Sómalíu.

Alls verða 12,5 milljónir veittar til íslenskra hjálparsamtaka, en 6 milljónir fara til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna vegna hjálparstarfs í Sómalíu, en stofnunin óskaði eftir framlagi frá Íslandi og öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. **- bj**

### Yfir 13 milljónir króna safnast

Þrjú íslensk hjálparsamtök hafa sett af stað safnanir til að bregðast við neyðarástandi í austurhluta Afríku.

UNICEF hefur þegar safnað um 11 milljónum króna. Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi, segir söfnunina fara vel af stað. Safnað verði áfram meðan ástandið í austanverðri Afríku batnar ekki.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um söfnun Rauða kross Íslands. Um tvær milljónir hafa safnast í gegnum síma en óvíst er hversu mikið hefur komið inn á bankareikninginn, segir Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri alþjóðasviðs RKÍ.

Upplýsingar um hversu mikið hefur safnast í söfnun samtakanna Barnaheilla liggja ekki fyrir.



**HUNGURSNEYÐ** Læknir skoðar tveggja mánaða sómalískt barn sem þjáist af alvarlegri vannæringu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýjar golfvörur á góðu verði

## Afsláttur af golfboltum í heilum kössum




**Golfkylfur og pokar**
Nýjar sendingar komnar með golfsettum, driverum, rescue-kylfum, pokum o.fl. frá þessum þekktu framleiðendum.



**Golfkerrur**
Tveggja hjóla kerrur frá kr. 6.990
Þriggja hjóla kerrur frá kr. 17.900
Rafmagnskerrur frá kr. 84.900

**Golfskór**
Vandaðir vatnsvarðir leðurskór. Mjög gott úrval fyrir konur og karla.

HI-TEC®



**Verð frá kr. 12.900. Einnig Nike dömuskór kr. 14.990.**

PROQUIP

RYDER CUP 1927 2010 CELTIC MANOR
RYDER CUP PARTNER




Ryder lið Evrópu og USA völdu Pro Quip regnfatnað. Gott úrval af regnfatnaði fyrir dömur og herra.

**Hi-Tec regngalli (jakki og buxur) kr. 19.900**

**Golfbolir og þunnar flíspeysur frá kr. 3.990**

BRIDGESTONE HiPPO Titleist PING NIKEGOLF PINNACLE HIT IT LONG. HIT IT STRAIGHT.

**Opnunartími virka daga 11 til 18**

**Golf outlet**

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • Opið virka daga 11–18.
**HÖFUM FLUTT Á 1. HÆÐ Í SAMA HÚSI!**



# Hjólum saman í sumar
## – það er líka ódýrara





**Þú sparar 13.180 kr.**

**Giant Boulder**
Herra fjallahjól.
Álstell, demparagaffall sem hægt er að stilla og læsa, 24 gírar.
Verð 65.900 kr. Tilboð:
**52.720 kr.**



**Þú sparar 13.980 kr.**

**Giant Sedona**
Létt og þægilegt borgarhjól, 21 gír dempari í sæti og á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.
Verð 69.900 Tilboð:
**55.920 kr.**



**Þú sparar 5.985 kr.**

**Norco Eliminator 20”**
Fyrir 6–7 ára, létt álstell, 12 gírar með demparagaffli og góðum bremsum.
Einnig til stelpuhjól.
Verð 39.900 kr. Tilboð:
**33.915 kr.**



**Norco Diva 24”**
Fyrir 8–10 ára, létt álstell, 18 gírar með demparagaffli og góðum bremsum.
Einnig til strákahjól.
Verð 44.900 kr. Tilboð:
**38.165 kr.**



**SCOTT Sportster 60**
Hybrid hjól með 21 gír, álstelli og dempara að framan.
Verð:
**79.900 kr.**



**Norco Malahat 28” Comfort**
Hybrid hjól, létt álstell, 21 gír, dempari að framan og í sæti, góðar bremsur.
Verð:
**79.900 kr.**

*Varahlutir og viðgerðaþjónusta.*

MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða leikari og söngvari mun fara með aðalhlutverk í Gulleyjunni í haust?

2 Hvað heitir ný þáttaröð Ragnars Bragasonar?

3 Hversu margir gengu um göngugötuna á Laugavegi 12. júlí síðastliðinn?

SVÖR

1. Björn Jörundur Friðbjörnsson. 2. Heimsendir 3. 14 þúsund manns

Frystihúsið í Flatey gert upp en vinnslu var hætt þar fyrir fimmtán árum:

# Úr hrognasöltun í ferðamennsku

**MANNLÍF** Frystihúsið í Flatey á Breiðafirði gengur nú í endurnýjun lífdaga en Lísa Kristjánsdóttir segir ýmsar hugmyndir uppi um nýtt hlutverk þess. Félagið Þrísker, sem Lísa fer fyrir, stendur fyrir framkvæmdunum.

„Það eru uppi hugmyndir um að hafa þarna biðsal, veitingasölu eða safn, nú eða allt þetta," segir Lísa.

Búið er að teikna íbúðir á efri hæð hússins sem leigðar verða út. Nú þegar hefur Bryggjubúð verið opnuð í húsinu en þar er seldur ýmis varningur er tengist eynni á einn eða annan hátt, segir hún. „Eins seljum við malt og appelsín svona til að ýta undir nostalgíuna," bætir hún við.



**FRYSTIHÚSIÐ Í FLATEY** Eins og sjá má er komð nýtt þak á hluta hússins. Inni er hvorki að finna flattan fisk né hrogn í tunnum heldur varning fyrir ferðamenn. MYND/LÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Þetta hús er minnisvarði um þá stefnu stjórnvalda að reyna að bjarga hverju byggðarlagi með því að koma þar niður frystihúsi," segir Lísa „Ekki ósvipað því sem stjórnvöld hafa verið að reyna á undanförnum árum með álverum. Sem betur fer eru þó frystihúsin mun fallegri hús og starfsemi þeirra öllu umhverfisvænni."

Frystihúsið var reist árið 1950, en þá bjuggu um 150 manns í eynni. Síðast var fiskvinnsla þar árið 1996 en þá voru söltuð þar hrogn. - jse

Ómönnuð flaug við loftstein:

# Vilja mann á loftstein 2025

**VÍSINDI** Ómönnuð geimflaug Geimferðastofnunar Bandaríkjanna (NASA) komst nýverið á braut um loftstein í loftsteinabeltinu á milli Mars og Júpíters.

Gögn frá flauginni munu nýtast til að ná því markmiði Baracks Obama Bandaríkjaforseta að mannað geimfar lendi á loftsteini fyrir árið 2025.

Loftsteinninn heitir Vesta, og mun geimflaugin Dögun vera á braut um hann þar til hún heldur áfram ferð sinni um geiminn í júlí á næsta ári. - bj



**DOMINO'S** Landsbankinn hefur gengið frá sölu á Domino's veitingastaðakeðjunni í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Birgir Þór Bieltvedt kaupandi:

# Gengið frá sölu á Domino's

**VIÐSKIPTI** Hömlur, dótturfélag Landsbankans, hefur gengið frá sölu á fyrirtækinu Pizza-Pizza til hóps fjárfesta undir forystu Birgis Þórs Bieltvedt. Pizza-Pizza er umboðsaðili Domino's á Íslandi og rekur fjórtán sölustaði.

Hópur Birgis átti hagstæðasta tilboðið í opnu söluferli en alls bárust tuttugu óskuldbindandi tilboð.

Söluverð hlutafjárins er 210 milljónir króna en að auki nema vaxtaberandi skuldir 350 milljónum króna.

Birgir stofnaði félagið Pizza-Pizza árið 1993 og kom að rekstri þess til ársins 2005. Hann kveðst vera spenntur fyrir því að takast að nýju á við þetta verkefni. - mþl

# Tún og akra þarf að vökva

**Bóndinn á Jörfa farinn að huga að búnaði til að vökva tún og akra. Víða um land er spretta með minnsta móti og er þetta þriðja þurrkasumarið í röð. Bóndi í Önundarfirði kveðst þakklátur fyrir vorhretið.**

**LANDBÚNAÐUR** Nú er svo komið að bændur eru farnir að huga að búnaði til að vökva akra og tún, segir Ægir Jóhannesson, bóndi að Jörfa í Víðidal.

Víða um land er spretta með minnsta móti og að sögn Ægis gæti svo farið að það yrði enginn seinni sláttur vegna þurrka. „Kannski verður ekki nema einn sláttur hjá mörgum sauðfjárbændum í ár," segir hann. „Þeir slá kannski seinnipartinn í þessum mánuði og nota það sem eftir kemur sem beit á túnin í haust. Menn þurfa að sjá til og vera svolítið útsjónarsamir í þessu ástandi."



**JÓNATAN MAGNÚSSON**

Ægir er kúabóndi en er einnig með 30 hektara kornakur sem finnur ekki síður fyrir þurrkum. „Þetta ætti að vera farið að skríða en það bólar ekkert á því enn þá," segir hann. Hann segir einnig marga bændur vera farna að ræða þennan möguleika.

Hann útilokar ekki að vera kominn með búnað og tæki til að vökva næsta sumar. „Ætli þetta sé ekki þriðja sumarið sem er svona verulega þurrt og maður verður bara að bregðast við þessu með einhverjum hætti. Ég hef verið að kynna mér þennan búnað og ætla að taka mér haustið til þess að gera það upp við mig."

Á Vestfjörðum voru bændur einnig víða í vanda vegna þurrka. Þó var Jónatan Magnússon, bóndi á Hóli í Önundarfirði, ánægður með fyrri sláttinn. „Við fengum náttúrulega svo mikinn raka seinnipartinn í maí þegar það snjóaði, en síðan þá höfum við varla fengið dropa úr lofti og nú er farið að brenna á túnum þannig að ef það fer ekki að rigna þá er útlitið ekki gott fyrir seinni slátt," segir hann.

En kýrnar á Hóli þekkja einnig annars konar skort en á rigningu. Jónatan er vanur að gefa þeim kalkþörung frá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. „Það kláraðist há mér um daginn og þá leið heil vika sem þær fengu ekkert og þá byrjuðu þær strax að fá doða og urðu bara veikar og slappar," segir hann. jse@frettabladid.is



**HEYSKAPUR** Vegna þurrka hefur spretta verið með minnsta móti víða um land í sumar. Ástandið var betra fyrir fáeinum árum þegar þessi mynd var tekin á Snæfellsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


100.000.000
+600.000.000
700.000.000
ÞÚ TALDIR RÉTT:
700 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 600 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 20. JÚLÍ 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

**Ertu að leita upplýsinga?**
**www.suzuki.is**

SUZUKI
Way of Life!







# Nýr Suzuki Swift










FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

Hugtök Markaðsráðgjöf Júní 2011

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**



**ÞAKINN BÝFLUGUM** Undir þessum býflugnahjúp leynist kínverskur býflugnabóndi, sem er þarna keppa við annan býflugnabónda. Þessi sigraði með 26 kíló af býflugum utan á sér. NORDICPHOTOS/AFP

Danski þjóðarflokkurinn:

## Samræma þarf fitumörk barna

**DANMÖRK Hvenær er barn orðið svo þungt að heilsa þess skaðast? Og hvenær er skaðinn svo mikill að taka þarf barnið frá foreldrunum? Danski þjóðarflokkurinn segir að um þetta verði sveitarfélögin að vera sammála til þess að hægt sé að taka afstöðu til hvort alltof þung börn séu vanrækt.**

**Heilbrigðisstarfsfólk í Danmörku hefur svo miklar áhyggjur af mikilli ofþyngd skólabarna að það hefur greint sveitarfélögunum frá þeim.**

**Starfsmenn á deild fyrir of þung börn á Holbæk-sjúkrahúsinu hafa á undanförnum tveimur árum greint sveitarfélögum frá 85 tilfellum. Í fimm tilfellum fengu fjölskyldurnar aðstoð frá sveitarfélagi sínu.**

- ibs

# Hyggst stefna bænum

**Fyrirtæki í Bolungarvík hyggst stefna bænum fyrir að úthluta lóð sem það sótti um árið 2008. Bæjarstjórinn segir að fyrirtækið hafi ekki sótt um þessa lóð.**

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirtækið Kjarnabúð íhugar nú að stefna Bolungvíkurkaupstað eftir að lóð, þar sem fyrirtæki áformaði að reisa tuttugu hús fyrir ferðamenn, var úthlutað fyrirtækinu Icelandic Sea Angling í byrjun þessa mánaðar.



HAUKUR VAGNSSON



ELÍAS JÓNATANSSON

Haukur Vagnsson, forsvarsmaður Kjarnabúða, segir að gert hafi verið deiluskipulag á svæðinu þar sem Kjarnabúð hafði óskað eftir lóðum þar fyrir húsin í apríl 2008. Enn fremur segir hann að seinagangur bæjaryfirvalda við að vinna deiluskipulagið hafi orðið til þess að 300 milljóna fjármögnun sem búið var að tryggja til verkefnisins hafi farið forgörðum. Það var þýska fyrirtækið Kingfisher Reisen, sem er einn af stærstu ferðaþjónustuaðilum í Evrópu í sölu stangveiðiferða, sem var í samstarfi við Kjarnabúðir í þessu verkefni.

Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, segir að ekki hafi verið hægt að úthluta Kjarnabúð lóðinni þar sem fyrirtækið hafi ekki lagt inn formlega umsókn. Auk þess sé lóð sem Haukur hafi upphaflega haft mestan áhuga á árið 2008 enn á lausu. „Haukur hefur í þrígang verið hvattur til þess að senda inn með formlegum hætti umsókn um þær lóðir sem hann eða Kjarnabúð hyggst byggja á,“ segir Elías. „Fyrst munnlega á fundi 31. mars 2010, næst með formlegu bréfi 8. apríl 2010 og nú síðast með tölvubréfi þann 31. maí síðastliðinn.“

Haukur segir hins vegar að fyrirtækið hafi sótt um árið 2008 og síðan staðfest við bæjaryfirvöld skriflega að sú umsókn stæði og fyrirtækið hygðist enn nýta lóðina. Í framhaldi af því benti Elías Hauki á að hafa samband við Gísla Gunnlaugsson, byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, um það hvernig ferlinu skyldi háttað. Haukur segist hafa gert það og hafi verið að tryggja að fjármögnunin væri fyrir hendi áður en hann legði inn þessa umsókn.



**FRÁ HÖFNINNI Í BOLUNGARVÍK** Haukur Vagnsson segir að nokkur sveitarfélög hafi boðið fyrirtæki hans að koma og nú sé hann farinn að íhuga að róa úr annarri höfn eftir skipulagsdeiluna við Bolungarvíkurkaupstað. MYND/VILMUNDUR HANSEN

Haukur segir að hann sé ásamt lögfræðingi sínum að undirbúa málshöfðun. Bæði hafi tafirnar á deiliskipulaginu valdið þeim tjóni og nú verði hann fyrir skakkaföllum þar sem mjög margir ferðamenn sem komi til frístundaveiða vilji búa í einbýlishúsum en ekki á hótelherbergjum og íbúðum svo fyrirtækið verði af miklum fjölda hafi það ekki yfir einbýlishúsum að ráða.

Elías segist ekki kvíða því ef Kjarnabúð stefni bænum. „Við höfum gert allt sem í okkar valdi stóð en við getum ekki gengið svo langt að sækja um fyrir hann ef hann vill það ekki sjálfur,“ segir hann.

jse@frettabladid.is

Lestölvurnar höfðu áhrif:

## Borders bókarisinn gjaldþrota

**BANDARÍKIN** Bandaríska bókaverslanakeðjan Borders er gjaldþrota og verður lögð niður. Alls verður 399 verslunum lokað og yfir 10 þúsund starfsmenn missa vinnuna.

Borders er stærsta bókaverslanakeðjan í Bandaríkjunum á eftir Barnes & Noble. Hún var stofnuð 1971 og þegar reksturinn gekk sem best voru verslanirnar 1.250 í Bandaríkjunum auk útibúa í Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Singapore og Bretlandi.

Reksturinn fór að ganga verr vegna kreppunnar og samkeppni við lestölvur. Gripið var til þess ráðs að selja verslanir en það dugði ekki til.

- ibs

Hert eftirlit á Vestfjörðum:

## Lögregla skoðar skróplistann

**LÖGREGLA** Lögreglan á Vestfjörðum er þessa dagana að skoða skróplista þann sem gefinn er út af Skráningarstofu um skoðun ökutækja. Fyrst í stað verða skráningarnúmer fjarlægð af ótryggðum ökutækjum. Þá geta ökumenn sem ekki hafa fært ökutæki sín til hefðbundinnar skoðunar átt á hættu að skráningarnúmer ökutækja þeirra verði fjarlægð án frekari aðvörunar.

Lögreglan fylgist einnig með lagningu ökutækja og hafa nokkrir ökumenn fengið sekt fyrir slík brot. Notkun farsíma og öryggisbelta er líka til skoðunar og mega þeir sem verða staðnir að slíkum brotum eiga von á sekt.

- jss



**FRÉTTASKÝRING: Hvernig gengur að spá fyrir um hagþróun með könnunum meðal stjórnenda fyrirtækja?**

# Atvinnulífið gleggra eftir hrun

**Kannanir á viðhorfi stjórnenda fyrirtækja til þróunar efnahagsmála eru reglulega birtar. Guðjón Emilsson hagfræðingur hefur kannað forspárgildi slíkra kannanna.**

Capacent hefur undanfarin ár kannað viðhorf stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins ársfjórðungslega með það fyrir augum að meta væntingar stjórnenda um stöðu og framtíðarhorfur efnahagsmála. Könnunin hefur verið framkvæmd fyrir Samtök atvinnulífsins í samstarfi við Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið.



GUÐJÓN EMILSSON

Nýjustu niðurstöður könnunarinnar voru birtar fyrir skömmu og kom þá í ljós að mikill meirihluti stjórnenda fyrirtækja telur aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar. Það kom þó ekki beint á óvart því niðurstöður könnunarinnar hafa verið á þann veg allt frá hruni.

**Fjórðungur fækkar starfsfólki**

Hins vegar kom á óvart merkjanleg lækkun sem varð á mati stjórnenda á aðstæðum eftir sex mánuði en matið hefur ekki verið lægra síðan í desember 2009.

Bjartsýni er meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni en bjartsýnustu stjórnendurnir koma úr fjármálageiranum, þjónustufyrirtækjum, iðnaðarfyrirtækjum og verslunargeiranum. Mest svartsýni ríkir í byggingastarfsemi, í samgöngum og flutningum. Þá hafa langflest fyrirtæki yfir nægu starfsfólki að ráða en einungis 13 prósent fyrirtækja áforma fjölgun starfsmanna borið saman við 26 prósent fyrirtækja sem áforma fækkun.

Niðurstöður þessarar reglulegu könnunar eru ávallt forvitnilegar. Sú spurning vaknar þó óhjákvæmilega hve mikið er að marka stjórnendur íslenskra fyrirtæja að þessu leyti, það er, hve mikið forspárgildi könnunin hefur um þróun helstu hagstærða. Guðjón Emilsson, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, rannsakaði forspárgildi fyrirtækjakönnunar Capacent á síðasta ári. Hann birti niðurstöður sínar í ritinu Efnahagsmál sem Seðlabankinn gaf út í janúar.

**Svörin hafa forspárgildi**

„Það er einna áhugaverðast að þegar kreppan skellur á þá virðist fylgni könnunarinnar við helstu hagstærðir aukast töluvert. Í fljótu bragði virðist sem sagt sem forspárgildið aukist. Að sama skapi verða svörin einsleitari eftir árið 2008. Mig grunar hins vegar að þetta skýrist af þeim sérstöku aðstæðum sem hafa verið hér á landi frá hruni og að fylgnin muni aftur líðast í sundur þegar frá líður kreppunni,“ segir Guðjón um niðurstöður sínar.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að svör úr fyrirtækjakönnunum geta haft forspárgildi um þróun ýmissa hagstærða. Í rannsókn Guðjóns kom í ljós að tiltölulega lítið samband var á milli svara í könnuninni og hagstærða frá árinu 2002 og fram að fjármálahruni en að sambandið hafi batnað talsvert þegar tímabilið frá hruni til loka árs 2010 er skoðað.

> Stjórnandinn er líklegri til að hafa betri tilfinningu fyrir verðþróun eigin vöru en almennri verðþróun.
>
> GUÐJÓN EMILSSON
> HAGFRÆÐINGUR Í SEÐLABANKANUM

Þau svör í könnuninni sem virðast hafa mest forspárgildi eru svör við spurningum sem fjalla um fyrirtæki stjórnandans en ekki um almennar aðstæður í hagkerfinu. Þannig hafa mest forspárgildi svör við spurningum er varða mat á starfsmannafjölda, getu fyrirtækja til að bregðast við óvæntri aukningu í eftirspurn og sölu og tólf mánaða breytingu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.

**Nálgast stjórnendur á tvo vegu**

Þá kemur svar við spurningu um mat á aukningu innlendrar eftirspurnar eftir vörum og þjónustu best út þegar stjórnendur eru beðnir um að horfa sex mánuði fram í tímann. Þegar litið er heilt ár fram í tímann eru það spurningar um áætluð fjárfestingarútgjöld í varanlegum rekstrarfjármunum og um fjárfestingar alls sem koma best út.

„Það er í raun hægt að nálgast viðhorf stjórnenda á tvo vegu,“ segir Guðjón og bætir við: „Þú getur spurt stjórnandann hvað hann telji að verðbólga verði eftir eins og sex mánuði en þú getur líka spurt hann hvað hann telji að verð sinnar vöru eða þjónustu muni hækka mikið á sama tímabili. Stjórnandinn er líklegri til að hafa betri tilfinningu fyrir verðþróun eigin vöru en almennri verðþróun. Og með því að styðjast við seinni spurninguna er, að ég held, hægt að fá betri verðbólgumælikvarða.“



**Í REYKJAVÍK** Ef til vill kemur ekki á óvart að stjórnendur íslenskra fyrirtækja hafi betri tilfinningu fyrir stöðu eigin fyrirtækis en almennum horfum í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is






## Skráning er hafin á marathon.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur, 20. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi, allt frá Latabæjarhlaupi fyrir börnin og upp í heilt maraþon.

## Boðhlaup – hlauptu maraþon með félögum þínum

Gerðu Reykjavíkurmaraþonið þitt enn skemmtilegra. Í boðhlaupi taka 2–4 sig saman og skipta heilu maraþoni á milli sín. Nánar á marathon.is.

## Hlaupastyrkur – hlaupum til góðs

Þú getur látið gott af þér leiða með hlaupinu. Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali með því að fá vini og vandamenn til að heita á þig.

28 ÁRA REYKJAVÍKURMARAÞON ÍSLANDSBANKA 20. ÁGÚST 2011

Íslandsbanki
- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

Sænskur þingmaður vill heimsendingu áfengis en bindindissamtök eru ósátt:

# Gæti orðið nagli í líkkistu fernufyllibyttna

**SVÍÞJÓÐ** Carl B. Hamilton, þingmaður Þjóðarflokksins í Svíþjóð, leggur til að viðskiptavinir Systembolaget, sænsku áfengisverslunarinnar, geti fengið vörurnar sendar heim. Bindindissamtökin IOGT-NTO telja tillöguna ganga óþarflega langt og segja að þetta geti orðið nagli í líkkistu fernufyllibyttnanna.

Viðskiptavinir Systembolaget geta nú pantað vörur af sérstökum lista á netinu og sótt þær síðan í einhverja af áfengisverslununum. Hamilton bendir á að núverandi fyrirkomulag á rekstri Systembolaget sé háð samþykki almennings. Þess vegna ætti markmiðið að vera fullkomin þjónusta fyrir allsgáða, fullorðna viðskiptavini.

Eðlilegur afhendingartími ætti að vera tveir til fjórir dagar. Við afhendingu á móttakandi að sýna skilríki og að hann sé orðinn 20 ára. Móttakandinn á jafnframt að vera allsgáður. Bílstjórinn þarf einnig að vera orðinn 20 ára samkvæmt tillögu Hamiltons sem situr í stjórn Systembolaget.

Hann bendir á að í Noregi sé nú þegar hægt að fá áfengi sent heim. - ibs




**ÁFENGISVERSLUN** Systembolaget, eða áfengisverslun sænska ríkisins, hefur einkarétt á að selja vín.




**ÁHYGGJUR AF ÍTALÍU** Skuldakreppan í Evrópu hefur dreifst til Ítalíu sem er langstærsta hagkerfið sem áhyggjur hafa vaknað af. Leiðtogar ESB-ríkjanna hittast síðar í vikunni til að reyna að leysa vandann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Óvissa í efnahagsmálum beggja vegna Atlantshafs

**Óvissa um framtíð evrusvæðisins og pólitískt þrátefli í Bandaríkjunum hefur skotið mörkuðum víða um heim skelk í bringu. Fari allt á versta veg gæti ný fjármálakreppa verið í aðsigi.**

**EFNAHAGSMÁL** Ótti hefur gripið um sig beggja vegna Atlantsála um að ný fjármálakreppa sé í aðsigi. Í Evrópu er skuldafarg að sliga nokkur ríki evrusvæðisins og björgunaraðgerðir hinna ESB-ríkjanna virðast ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Í Bandaríkjunum er vandinn af öðrum toga en þar er komið upp pólitískt þrátefli sem gæti, ef allt fer á versta veg, valdið greiðslufalli bandaríska ríkisins.

Nick Clegg, varaforsætisráðherra Bretlandi, hafði um helgina orð á hættunni sem virðist vera til staðar. Í viðtali við breska ríkisútvarpið sagðist hann gífurlega áhyggjufullur vegna óvissunnar í Bandaríkjunum og skuldakreppunnar í Evrópu og bætti svo við að heimurinn gæti verið á barmi annarrar fjármálakreppu.

Skuldakreppan í Evrópu hefur verið áberandi í fréttum síðustu misseri. Fyrst komu upp áhyggjur af getu Grikkja til að standa undir opinberum skuldum sínum, síðan Íra, þar á eftir Portúgala, svo aftur Grikkja og loks Ítala. Í hvert sinn hefur ESB brugðist við af of litlum krafti.

Það að skuldakreppan hafi smitast til Ítalíu veldur mörkuðum þungum áhyggjum. Ítalía er þriðja stærsta hagkerfi evrusvæðisins en opinberar skuldir í ríkinu eru þrefalt meiri en skuldir Grikkja, Íra og Portúgala til samans.

Ávöxtunarkrafa á ítölsk ríkisskuldabréf hefur hækkað með miklum hraða síðustu daga og er nú rétt tæplega 6 prósent. Hækki ávöxtunarkrafan mikið meira gæti skuldabyrði Ítala reynst of mikil og þá myndi greiðslufall blasa við. Það gæti haft skelfilegar afleiðingar fyrir heimshagkerfið og jafnvel valdið því að evrusamstarfið liðaðist í sundur. Það er þó varla líklegt enn sem komið er.

Ljóst er að erfiðar ákvarðanir bíða leiðtoga ESB-ríkjanna en þeim hefur reynst erfitt að velja hverjir skuli bera kostnað krísunnar; kröfuhafar í gegnum afskriftir skulda, skuldarar í gegnum umfangsmikinn niðurskurð ríkisútgjalda eða þá hinar ríkari þjóðir ESB í gegnum tilfærslur til vandræðaþjóðanna. Ætli lausnin liggi ekki í einhvers konar blöndu af öllu þrennu.

Vandinn í Bandaríkjunum virðist vera auðveldari viðureignar því hann er í raun búinn til af stjórnmálamönnum því skuldir bandaríska ríkisins, þrátt fyrir að vera í hærra lagi, eru ekki svo háar að bráður vandi blasi við. Vandinn er sá að þingmenn repúblikana, sem hafa meirihluta í fulltrúadeild þingsins, neita að hækka skuldaþak bandaríska ríkisins án þess að ríkisútgjöld verði skorin harkalega niður.

Barack Obama forseti og þingmenn demókrata hafa lýst yfir vilja til að koma til móts við kröfur repúblikana en það hefur strandað á bjargfastri kröfu repúblikana um að engar breytingar megi gera á skattkerfinu, aðrar en þær að lækka skatta.

Náist ekki samkomulag munu skuldir bandaríska ríkisins rekast á skuldaþakið 2. ágúst næstkomandi sem gæti haft afar alvarlegar afleiðingar í för með sér. Því verður þó eiginlega vart trúað að ekki náist samkomulag en skuldaþakið hefur alls 102 sinnum verið hækkað frá því að lög voru sett um slíkt þak árið 1917. magnusl@frettabladid.is

## Áhrifin hér á landi yrðu minni en 2008



Rætt var við Má Guðmundsson seðlabankastjóra í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Þar sagði Már óvissuna í Evrópu og Bandaríkjunum vera mikla þótt svo virtist sem markaðir byggjust heldur við því að Bandaríkin næðu að vinna úr sínum málum. Áhrifin hér af hræringum erlendis yrðu minni en haustið 2008 og gjaldeyrishöftin gætu komið til góða. Már benti á að íslenska ríkið væri vel fjármagnað og nýbúið að taka lán á erlendum mörkuðum. Þá væri athyglisvert að sjá að skuldatryggingaálag íslenska ríkisins hefði haldist tiltölulega lágt þrátt fyrir þessa þróun. Verði þó samdráttur í Bandaríkjunum, Evrópu og eða víðar í heiminum myndi það þó alltaf hafa einhver áhrif á okkur þar sem aðgangur að lánsfé yrði erfiðari og aðstæður allar verri.

OUTLET
Kauptúni
GARÐABÆ
50-80%
afsláttur
Höfum opnað OUTLET í hluta verslunar okkar BYKO Kauptúni
BYKO
Opnunartímar í Kauptúni:
Mán.-Fös.: 08:00 - 18:00
Laugardaga: 10:00 - 17:00
Sunnudaga: 11:00 - 17:00


1.990,-
2.990,-
Kælibox 24 ltr
3899342
1.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
1.490,-
1.990,-
Svefnpoki Moscow 10/5/-2°C
Stærð 230x80/50 cm.
Fylling 200 gr/m2
Hollow fiber.
3000421
Tjald Riga 2
Tveggja manna,
Stærð 200x140x100 cm.
170T Polyester. PA 450 mm.
Fiberstangir 6.9 mm.
Þyngd 1.7 kg.
3000410
ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA
Tjald Madrid
Þriggja manna.
Ytra tjald: (130+210)x210x130 cm.
Innra tjald: 210x210x130 cm.
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm.
Innra efni: Polyamid öndunarefni.
Fiberstangir 8.5/7.9 mm.
Þyngd 3.5 kg.
3000412
6.990,-
8.990,-
Tjaldstóll
fellanlegur
3901474
1.290,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Kolagrill
35 cm
2999904
1.990,-
2.990,-
Kælibox Shiver 30 ltr
Hægt að tengja í 220 og 12V.
Stærð 50x29,7x39,5 cm.
Pláss fyrir tvær
2ja lítra flöskur.
3899281
12.900,-
15.900,-
Tjaldborð
og bekkjasett
3899360
12.900,-
14.900,-
2.390,-
2.990,-
Vindsæng
Stærð
99x191x22 cm.
3900932
14 ltr
690,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Vatnsbrúsi
14 ltr
Samanbrotið
3900624
Látum verkin tala!
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Neyðarástand vegna þurrka í Afríku.

## Hægt að bjarga lífi barns

Neyðin vegna þurrkanna í Austur-Afríku, þeirra mestu í áratugi, er gríðarleg. Milljónir manna, og stór hluti þeirra börn sem eru vannærð fyrir, líða þar hungur sem mun leiða til dauða ef ekkert verður að gert.

Ástandið í Sómalíu hefur farið hríðversnandi undanfarnar vikur og talið er að tvöfalt fleiri börn séu þar vannærð nú en var í mars síðastliðnum. Ekki er búist við rigningu á svæðinu fyrr en í september eða október og fyrr mun ástandið ekki breytast.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Það kemur því til kasta alþjóðlegra hjálparsamtaka og þjóða heimsins að koma því fólki til bjargar sem þarna býr.

Frétt gærdagsins um að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefði lofað framlagi íslenska ríkisins upp á að minnsta kosti 18,5 milljónir gegnum íslensk hjálparsamtök og Matvælahjálp Sameinuðu þjóðanna var góð. Það er mikilvægt að Ísland liggi ekki á liði sínu við að draga úr neyð þeirra sem svelta í Sómalíu og nágrannaríkjum.

Almenningi gefst einnig kostur á að leggja sitt af mörkum með því að styðja landssafnanir sem fara nú fram á vegum þriggja samtaka: Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, Unicef og Rauða krossins. Með því að hringja í tiltekin símanúmer er upphæð sem dregin er frá næsta símareikningi lögð til söfnunarinnar.

Almenningur virðist sem betur fer hafa tekið nokkuð vel við sér og talsvert fé hefur safnast þrátt fyrir að svo virðist sem náttúruhamfarir eins og flóð og jarðskjálftar veki iðulega meiri athygli og viðbrögð fjölmiðla og almennings en neyð sem kemur hægt og bítandi eins og Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, benti á í frétt blaðsins í gær.

Íslendingar hafa aldrei orðið fyrir hörmungum sem hægt er að líkja við þær sem nú dynja á fátæku fólki í Sómalíu, Keníu og Eþíópíu. Það er því ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir það höfum við á stundum verið andlag fjársafnana meðal almennings í öðrum löndum, safnana sem hafa skipt sköpum fyrir þá sem í hlut áttu. Á síðustu áratugum má minnast safnana vegna snjóflóða á Vestfjörðum og Vestmannaeyjagoss.

Áhersla hjálparstofnana beinist að því að meðhöndla vannærð börn en sú upphæð sem þarf til að gerbreyta horfum barns sem er vannært er ekki há á okkar mælikvarða. Jafnframt þarf að bólusetja börnin við sjúkdómum sem farnir eru að láta á sér kræla á þurrkasvæðunum og ógna lífi þeirra og sjá fólki fyrir hreinu og drykkjarhæfu vatni.

Það er rík ástæða til að hvetja hvern þann sem aflögufær er til að skoða hvort hann eigi þess ekki kost að leggja fram upphæð sem stuðlar að því að draga úr þeirri miklu neyð sem nú ríkir í Afríku. Lág upphæð í íslensku samhengi getur bjargað lífi barns. Því fé er vel varið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skrítin launþegavernd

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar, fór mikinn í fjölmiðlum vegna gagnrýni á tillögur um fjórðungshækkun viðmiðunarverðs til sauðfjárbænda. Hann skammaði Gylfa Arnbjörnsson, forseta ASÍ, fyrir að hvetja neytendur til að láta verðið ráða kaupum sínum. Fjöldi félagsmanna ASÍ vinni í geiranum sem líða muni fyrir slíkan gjörning, segir Aðalsteinn. Það er rétt, en þess má geta að fjöldi félagsmanna ASÍ vinnur líka í öðrum geirum kjötframleiðslunnar. Ef sala á lambakjöti dregst saman, eykst þá ekki einfaldlega sala á nautakjöti eða öðru kjöti? Og aðrir félagsmenn ASÍ græða á því.



### Og hvað með aðrar hækkanir?

Röksemdafærslu Aðalsteins hlýtur að mega heimfæra upp á aðrar hækkanir. Hækki verð úr öllu valdi og neytendur sniðganga vöruna, þá hljóta einhverjir starfsmenn viðkomandi fyrirtækis að missa vinnuna. Neytendasjónarmið hljóta því eftir þessum rökum að stangast á við launþegavernd Aðalsteins.

### Neytendavernd lögbrjóta

Flestir eru á því (alls ekki allir) að einhvers konar lög verði að vera í landinu. Til dæmis umferðarlög. Það má til dæmis ekki leggja bílum hvar sem er, jafnvel þótt þeir séu stórir og geti keyrt yfir steypta kanta. Þetta virðast flestir virða, þó að bílar á gangstéttum séu allt of algeng sjón. Þess vegna er sérkennileg sú krafa íþróttakappleikjahaldara og þeirra sem leikina sækja að geta einfaldlega skilið bílinn sinn eftir hvar sem er, rétt á meðan liðið þeirra spilar og njóta sérréttinda umfram aðra með því. Lítill ungmennafélagsandi þar á ferð.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þjóðaratkvæði um skipulagsmál

Skipulagsmál

Bolli Héðinsson

hagfræðingur



Af einhverjum einkennilegum ástæðum dúkkar upp, nú um mitt sumar, umræðan um hvort Reykjavíkurflugvöllur eigi að fara eða vera. Umræða sem er engan veginn tímabær þar sem sýnt er að ákvarðanir sem að þessu lúta þarf ekki að taka fyrr en á næstu 15-20 árum þar sem ekki hvarflar að neinum að skipuleggja byggð eða hefja framkvæmdir á flugvallarsvæðinu eins og mál standa nú. Mætti halda að umræðuefni þjóðarinnar væru næg samt og ekki þyrfti að bæta við ótímabærri umræðu um eitthvað sem ekki þarf að taka afstöðu til fyrr en einhvern tíma í fjarlægri framtíð.

**Færsla þjóðvegarins frá Blönduósi.** Það er mjög áhugavert tillaga að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um skipulagsmál sveitarfélaga. En þá skyldu menn líka vera sjálfum sér samkvæmir og átta sig á til hvers það getur leitt. Þannig hlýtur það að fara í þjóðaratkvæði næst þegar þess verður freistað að flytja þjóðveginn frá Blönduósi. Ég er sannfærður um að fjöldi landsmanna hefur skoðun á því máli og Blönduósingar eiga vafalaust víða stuðningsmenn fyrir því að halda vegarstæðinu óbreyttu frá því sem nú er.

Einnig þegar kemur næst að því að reisa virkjun, hvort heldur er þegar kemur að því að bora eftir gufu á viðkvæmu landsvæði eða reisa stíflu fyrir nýtt virkjunarlón. Í þeim efnum er þá sjálfgefið að efnt verði til þjóðaratkvæðis svo skera megi úr réttmæti þeirra framkvæmda.

Við þær aðstæður sem eru í samfélagi okkar eigum við Íslendingar ekki að efna til óvinafagnaðar og kynda undir umræðu af þessu tagi sem alltaf er hætt við að fari út í öfgar. Yfirvegaða umræðu um skipulagsmál er tímabært að taka þegar forsendur liggja fyrir; upplýsingar um landnýtingu, umferðarmagn og aðra valkosti sem skipta máli þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Þær upplýsingar eiga að vera þær nýjustu sem völ er á og það verður þá hvort eð er ekki fyrr en þörfin fyrir að taka ákvörðunina er orðin brýn. Ákvörðunin um framtíð Reykjavíkurflugvallar þarf ekki að eiga sér stað fyrr en að löngum tíma liðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Orð hafa ábyrgð

Samfélagsmál
Erla Sigurðardóttir
blaðamaður og þýðandi



Í umræðunni, ekki síst þeirri sem fram fer á Facebook, vill bregða við blindri foringjatrú á dómstóla landsins. Öllu, smáu sem stóru, skal vísað til dómstóla, þeirra sömu sem í aðra röndina eru sakaðir um hlutdrægni, vanhæfi og klíkuskap. Það er rétt eins og aðrar stofnanir þjóðfélagsins, þar á meðal fjórða valdið, fjölmiðlarnir, beri enga ábyrgð og hafi engu hlutverki að gegna. Að vísu getur verið þægilegt að einblína á þess konar æðri máttarvöld og komast þannig hjá því að líta í eigin barm.

Síðasta umræðuefnið sprettur upp í kjölfar andláts ógæfumanns sem var á jaðri samfélagsins alla sína tíð. Nú virðist eiga að vekja hann til nýs og betra lífs með hjálp dómstólanna. Atvinnuhugsuðir og opinberar persónur rifja upp kynni sín af manninum og það sem virðist koma þeim á óvart er að hann hafi verið manneskja. Og hafin er undirskriftasöfnun á Facebook um að taka allt málið upp á nýtt.

Stöldrum aðeins við. Sumir muna, aðrir ekki, hvílíkt nornafár ríkti á Íslandi þegar þetta mál reið yfir fyrir 35 árum. Á meðan gjörsamlega óhæft réttarkerfi hélt fjölda manns í gæsluvarðhaldi mánuðum saman góluðu blaðasöludrengirnir í Austurstræti fyrirsagnir um sannleika dagsins þar sem einangraðir og varnarlausir einstaklingar voru úthrópaðir morðingjar. Gífuryrðin flugu um sali Alþingis þar sem sumir þóttust sjá tengsl milli meintra glæpa og ákveðinna stjórnmálaflokka. Og þjóðin, almenningur, drakk allt þetta í sig og komst í stuð.

Kjaftasögurnar spruttu og döfnuðu – ímyndunaraflið og illkvittnin áttu sér engin takmörk. Á vordögum var fluttur inn vestur-þýskur lögreglumaður sem átti að leysa hina miklu flækju sem lögreglumönnum hafði tekist að skapa á tæpu hálfu ári, allt frá því að Erla og Sævar voru handtekin fyrir póstsvindl rétt fyrir jól.

Sök dómskerfisins þarf varla að ræða, hún liggur í augum uppi. Hún blasti við okkur sumum þá og tilraunir hafa verið gerðar til að lýsa henni í heimildarþáttum og bókum. Sumir fengu óverðtryggðar skaðabætur en ekki þá frekar en nú bæta peningar þann sársauka og skaða sem verður á lífi fórnarlamba kerfisins það sem eftir er.

Á þessum tíma setti enginn spurningarmerki við hæfi eða aðferðir lögreglunnar. Síðdegisblöðin Dagblaðið og Vísir voru í brjálaðri samkeppni og beittu fyrir sig æsifyrirsögnum, Alþýðublaðið reyndi að feta í fótspor þeirra en hvergi örlaði á vandaðri og gagnrýnni blaðamennsku. Í besta falli íþróttafréttamennsku sem átti þó engan veginn við.

Allt þetta lapti almenningur í sig og var ekki seinn á sér að dæma menn á víxl. Með ýmsum formerkjum. Ég man varla eftir nokkrum sem staldraði við og velti fyrir sér hvað þessi gauragangur gengi út á. Að vísu skrifaði Stefán Unnsteinsson bók þar sem hann gerði tilraun til að sýna lítilmagnanum skilning og krafsa í þá glansmynd sem þjóðin, afkomendur víkinganna í beinan karllegg, hafði af sjálfri sér. Þar sem aðeins hinir sterku lifa af.

> Gífuryrðin flugu um sali Alþingis þar sem sumir þóttust sjá tengsl milli meintra glæpa og ákveðinna stjórnmálaflokka.

Lítið hefur þó breyst hvernig hin íslenska þjóð lítur á þá sem minna mega sín. Skuggaplönturnar sem alast ekki upp við svokallaðar eðlilegar aðstæður með foreldra á lífi og í fullri vinnu, sem búa ekki í mannsæmandi húsnæði eða fá þá alúð og uppörvun sem ættu að vera grundvallarréttindi allra barna. Í því sambandi nægir að minna á börn bandarískra hermanna sem ólust upp við skömm, fyrirlitningu og oftar en ekki fátækt.

Það er áleitin spurning hvort upptaka málsins er besta aðferðin til að sýna Sævari virðingu. Hvort ekki væri þörf á að líta í eigin barm og leggja sitt af mörkum til að rjúfa vítahringinn. Leitast við að skapa samfélag manna þar sem allir fá að njóta sín hvernig sem þeir eru feðraðir.

Slíkt uppgjör fjallar ekki eingöngu um meinta sekt eða brot á refsilögum. Lög og réttur í hverju samfélagi eru mikilvæg en það þarf líka að eiga sér annað uppgjör sem er ekki síður mikilvægt.

Þá vilja gleymast allir hinir einstaklingarnir sem áttu um sárt að binda vegna þessa viðurstyggilega sakamáls. Bæði þeir sem misstu heilsu eftir langa einangrun í klefunum í Síðumúla en einnig aðstandendur þeirra. Sem lágu ekki aðeins andvaka vegna ástvina sem voru geymdir bak við lás og slá heldur þurftu líka að mæta kjaftasögum og ónærgætnum athugasemdum á degi hverjum. Dómharkan var óheft. Þjóðin veigraði sér ekki við að taka þá af lífi ungu mennina, en skömmu áður höfðu aðrir menn hangið í sama gálga fyrir sömu sakir.

Orðið áfallahjálp var ekki komið inn í íslenska tungu á þessum tíma. Þetta mál mun aldrei hverfa og því er mikilvægt að draga lærdóm af lífsreynslunni. Lexían er meðal annars sú að trúa ekki blint á kerfi og vald sem mennirnir hafa skapað í nafni réttvísinnar. Einnig að orðum fylgir ábyrgð.

Sú umræða sem blossar upp nú minnir óþyrmilega á þann æsing sem átti sér stað fyrir 35 árum. Stóryrði og yfirlýsingagleði. Og eitthvað ósmekklegt við að nýlátinn maður sé gerður að kjölturakka sjálfskipaðra alþýðudómara. Er hún tilraun til friðþægingar eða vel yfirveguð ósk um betra samfélag? Í hverju ætti endurtaka málsins að felast? Margir málsaðilar eru horfnir af sjónarsviðinu og gögn málsins hugsanlega meingölluð. Ætti slík endurtaka að leysa gátuna miklu eða beina sjónum að meintu harðræði lögreglunnar? Því er brýnt að spyrja sig að því hvaða ávinningur væri af slíkri endurupptöku.

Mennirnir sem sátu inni og fjölmargir aðstandendur þeirra hafa reynt að möndla eins vel úr lífi sínu og kostur er. Endurupptaka málsins myndi óneitanlega hræra uppi í sárri lífsreynslu þeirra. Því er mikilvægt að hugsa sig vel um og hafa hugfast að nærgætni skal höfð í nærveru sálar.

# Efling lýðræðisins

Lýðræði
Kristinn Már Ársælsson
stjórnarmaður í Lýðræðisfélaginu Öldu



Í lýðræðisríkjum er almenningur handhafi valdsins. Þrátt fyrir það hefur valdið þjappast saman á hendur fárra á sviði stjórnmálanna og efnahagslífsins. Við berum ábyrgð á því og þurfum að taka til hendinni, efla og dýpka lýðræðið. Okkur ber í raun skylda til þess.

Ýmislegt hefur verið reynt erlendis í þessum efnum með góðum árangri. Eftirfarandi eru þrjú dæmi sem eru fallin til þess að dýpka lýðræðið og Lýðræðisfélagið Alda hefur lagt fyrir Stjórnlagaráð.

**1.** Að tryggja beina aðkomu allra þjóðfélagshópa að ákvarðanatöku. Rannsóknir sýna að vald þjappast saman á hendur fárra innan stjórnmálaflokka. Þær sýna einnig að t.d. fólk með lágar tekjur og litla menntun kemst síður inn á þing eða í aðrar valdastöður. Aldan leggur til að hluti þingmanna verði valinn með slembivali úr þjóðskrá. Þannig megi tryggja að sjónarmið almennings og allra þjóðfélagshópa komist að, beint og milliliðalaust. Slembivalsfulltrúar eru líklegri til þess að endurspegla viðhorf heildarinnar en t.d. flokkakjörnir sem fylgja hugmyndafræði og baklandi. Slembivalsfulltrúar eru líklegri til þess að leita umboðs og samstöðu um lausn fyrir heildarhag. Slembivalið tryggir aðkomu þeirra sem hingað til hafa ekki átt upp á pallborðið. Við upphaf lýðræðisins í Grikklandi hinu forna voru fulltrúar valdir með slembivali og nýleg dæmi t.d. frá Bresku-Kólumbíu hafa gefið góða raun.

**2.** Að tryggja lágmarksdreifingu valds: að ríkisvaldið sé þrískipt. Þingmenn og ráðherra þarf að kjósa sérstaklega af almenningi og dómara þurfa aðrir að skipa en þingmenn og ráðherrar eða fulltrúar þeirra.

Þingmenn eru nú þegar kjörnir af almenningi en löggjafarvaldið er mjög háð framkvæmdarvaldinu hérlendis.

Víðs vegar er framkvæmdarvaldið kjörið sérstaklega. Aldan telur rétt að allir ráðherrar séu kosnir beint af almenningi og að hver sem er geti boðið sig fram til ráðherraembættis. Til þess að einfalda kosninguna um hvert ráðherraembætti fyrir sig er lagt til að fram fari forval á framboðum til ráðherraembættis með þeim hætti að slembivalsnefnd almennings velji í opnu ferli fjóra frambjóðendur, tvo karla og tvær konur. Á kjörseðli myndi fólk velja á milli fjögurra fyrir hvert ráðuneyti fyrir sig. Þannig eru ráðherrarnir aðskildir frá löggjafarvaldinu.

**3.** Að ákvarðanir séu teknar í opnum og lýðræðislegum ferlum með aðkomu almennings. Í flokka-fulltrúalýðræði eru ákvarðanir teknar í krafti valds þar sem hugmyndafræðilega ólíkir hópar takast á. Stjórnmálin snúast um baráttu um völd. Við sjáum dæmi þessa í þinginu þar sem ekki fara fram samræður um leiðir að markmiðum heldur er reynt að koma höggi á andstæðinginn. Við þurfum að dreifa valdinu og koma á samræðum. Aldan hefur lagt til að í stjórnarskrá verði heimild til þess að ákvarðanavald sé fært í borgaraþing og lýðræðisleg ákvarðanatökuferli. Í slíkum ferlum eru opnir fundir og fulltrúar taka saman hugmyndir og tillögur á mörgum stigum. Í Porto Alegre í Brasilíu er fjárhagsáætlun borgarinnar unnin í þátttökuferli þar sem allir geta tekið þátt sem vilja og yfir 100.000 koma að vinnunni á hverju ári. Árlega er yfir 20 milljörðum króna varið í uppbyggingu borgarinnar. Þar hafa fjármunir færst frá ríkari svæðum til fátækari. Til þess að efla og dýpka lýðræðið þurfum við að færa valdið út til fólksins sem tekur ákvarðanir í sameiningu.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SIR EDMUND HILLARY**
(1919-2008) fæddist þennan dag.
*„Það er ekki fjallið sem við sigrum heldur við sjálf."*

## AFMÆLI



**ÁSTA SIGHVATS ÓLAFSDÓTTIR** leikkona er 39 ára.



**BRIAN PILKINGTON** myndlistarmaður er 61 árs.



**DÓRA S. BJARNASON** prófessor er 64 ára.



**MEXÍKÓSK-BANDARÍSKI GÍTARLEIKARINN CARLOS SANTANA** er 64 ára.




## 70 ára afmæli

**Kristjana G. Jóhannesdóttir**

Þann 20. júlí verður Kristjana G. Jóhannesdóttir 70 ára gömul. Hún tekur á móti ættingjum og vinum laugardaginn 23. júlí kl. 16-19 í matsal VHE Melabraut 21, Hafnarfirði.





†

*Ástkær bróðir okkar,*

**Guðmundur Sigurðsson**
frá Arnarhvoli, Breiðdalsvík,

sem andaðist föstudaginn 15. júlí sl. á hjúkrunarheimili aldraðra að Höfn Hornafirði, verður jarðsunginn frá Heydalakirkju í Breiðdal laugardaginn 23. júlí kl. 14.00.

**Bergþóra Sigurðardóttir**
**Helga Sigurðardóttir.**





†

*Elskulegur bróðir minn, mágur, fósturbróðir og frændi,*

**Sverrir Arnkelsson**
Álfheimum 52, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Samband íslenskra kristniboðsfélaga.

**Gísli Arnkelsson** **Katrín Guðlaugsdóttir**
**Júlíana Ruth Woodward**
**og fjölskyldur.**





†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Alda Andrésdóttir**
Hæðargarði 29, Reykjavík,

er lést 13. júlí sl., verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 21. júlí kl. 15.00.

**Auður Þórarinsdóttir** **Bjarni Jóhannesson**
**Þórarinn Árni Bjarnason**
**Bryndís Bjarnadóttir**


**ÞETTA GERÐIST: 20. JÚLÍ 1947**

## *Snorrastytta afhjúpuð í Reykholti*



Ólafur, krónprins Noregs, afhjúpaði styttu af Snorra Sturlusyni á Snorrahátíð í Reykholti í Borgarfirði þennan dag árið 1947. Styttan er eftir Gustav Vigeland og var gjöf frá Norðmönnum.

Hátíðin í Reykholti hófst með því að Ólafur krónprins, forseti Íslands, ríkisstjórnin og erlendir gestir gengu til sæta á palli sem reistur var við styttuna. Á meðan lék Lúðrasveit Reykjavíkur, undir stjórn A. Klahn, Hyllingarmars úr Sigurði Jórsalafara eftir Grieg. Að því búnu setti forseti Íslands hátíðina og Davíð Stefánsson flutti kvæði, ort af þessu tilefni.

Meðal þess sem krónprinsinn sagði er hann afhenti styttuna var: „... við Norðmenn viljum lýsa, á varanlegan hátt, í hve mikilli þakkarskuld við teljum okkur vera við þennan ódauðlega sagnaritara."

Heimild/Öldin okkar



Gunnar var skipstjóri í þrjátíu ár. Hann sigldi fiskiskipum og Akraborginni en sneri sér síðar að fiskútflutningi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GUNNAR ÓLAFSSON, FYRRVERANDI SKIPSTJÓRI: ER NÍRÆÐUR Í DAG

# FISKIRÍINU FYLGDI MIKIÐ LÍF

Gunnar Ólafsson er níræður í dag. Hann gerðist skipstjóri ungur að aldri og sigldi fiskiskipum, Eldborg og Akraborginni sálugu. Síðar söðlaði hann um og setti af stað síldarsöltunarstöð í Mjóafirði á Austfjörðum. Þá átti hann hlut í útflutningsfyrirtækinu Andra. Síðar stofnaði hann fiskútflutningsfyrirtækið Norðurhaf sem hann seldi svo til SÍF (Samtaka íslenskra fiskimanna) fyrir tíu árum, en þar vann hann síðustu ár starfsævinnar, eða til 82 ára aldurs.

„Ég hef aldrei séð jafn mikið eftir neinu eins og að hætta að vinna en það passaði mér einfaldlega ekki að sitja á skrifborðsstól og horfa út í loftið," segir Gunnar. Hann var einungis 25 ára þegar hann hóf störf sem skipstjóri og starfaði sem slíkur í þrjátíu ár. Gunnar sigldi flestöll stríðsárin og spurður hvort því hafi ekki fylgt áhætta segir hann svo eflaust vera en að hann hafi lítið velt því fyrir sér þá. „Ég útskrifaðist úr Stýrimannaskólanum 21 árs gamall. Það þótti gott að komast í stýrimannastöðu þetta snemma og maður hugsaði ekki lengra."

En hvernig var að sigla Akraborginni? „Það var bara ágætt. Það er samt miklu meira líf sem fylgir því að vera fiskimaður. Vissulega sá maður nýja og nýja farþega en þessu fylgdi þó mikil rútína. Menn þurfa að gefa sig allan í sjómennskuna og það átti vel við mig."

Gunnar er fæddur og uppalinn á Akranesi, bjó lengi vel í Borgarnesi en fluttist til Reykjavíkur árið 1962. Síldarsöltunarstöðina fyrir austan setti hann upp með Vilhjálmi Hjálmarssyni og eigendum Sólfara á Akranesi en þegar síldveiðinni lauk sneri hann sér að fyrirtækjarekstri sem fyrr segir. „Þá var ég umboðsmaður Abba í Svíþjóð, þó ekki hljómsveitarinnar heldur matvælafyrirtækisins," segir hann og hlær en það átti í miklum viðskiptum við íslenskan sjávarútveg.

Gunnar er kvæntur Dýrleifu Hallgrímsdóttur og eiga þau fjögur börn; tvær dætur og tvo syni. Hann ætlar að fagna afmælinu í faðmi þeirra.

vera@frettabladid.is




†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Þorkelsson**
Efstasundi 28,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörkinni miðvikudag 13. júlí, verður jarðsunginn frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð föstudaginn 22. júlí kl. 15.00.

**Anna Lísa Jóhannesdóttir**
**Þorkell P. Ólafsson** **Margrét Elíasdóttir**
**Ólafur H. Ólafsson** **Jóhanna K. Arndal**
**barnabörn**





†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Marta Hannesdóttir**
Elliheimilinu Grund, áður til heimilis að Sólvallagötu 60, Reykjavík,

lést föstudaginn 15. júlí sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**F.h. ættingja,**
**Margrét Jónsdóttir** **Árni Ingólfsson**
**Gunnar Jónsson** **Kristín Kristinsdóttir**
**Lárus Jónsson** **Sonja Egilsdóttir**
**Ágúst Jónsson** **Ingibjörg Benediktsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Ari Guðmundsson**



**Safetravel.is sækir í sig veðrið**
Heimsóknum á vef Landsbjargar, safetravel.is, fjölgar stöðugt og það færist í vöxt að fólk noti vefinn til að skrá ferðaáætlanir sínar. Það getur komið sér vel í neyðartilfellum.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457













**Systkinin Arnar, Valdís Þóra og Friðmey unnu öll til verðlauna á meistaramóti í golfi um síðustu helgi.**

# Golfið er í blóðinu



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR ELVAR ÞÓRÓLFSSON

Við vorum alltaf dregin út á golfvöll með mömmu og pabba. Þau spila mikið golf og afi og amma líka. Þetta er fjölskyldusport,“ segir Valdís Þóra Jónsdóttir sem ásamt systkinum sínum, Arnari og Friðmey, komst á verðlaunapall á fjögurra daga meistaramóti í golfi nýlega. Valdís Þóra varð í fyrsta sæti í meistaraflokki kvenna, Friðmey í öðru sæti og Arnar í öðru sæti í 2. flokki karla.

Afrek Valdísar Þóru komu ekki svo mjög á óvart því hún er framarlega í golfi á landsvísu, Íslandsmeistari í holukeppni frá því í fyrra og varð Íslandsmeistari í höggleik árið 2009. Samt er hún bara 21 árs og á því eflaust mikið inni. Hún þakkar árangurinn áhuga og ástundun. „Ég held til á golfvellinum á Akranesi, vinn þar fyrir hádegi og æfi síðdegis,“ segir hún glaðlega.

En gerðist ekkert ævintýralegt á meistaramótinu? „Ég var svona fimm sentimetrum frá því að ná holu í höggi,“ upplýsir Valdís smá svekkt yfir að kúlan skyldi ekki rata ofan í holuna en samt ánægð með fuglinn. Hvað skyldi svo vera fram undan? „Íslandsmótið í höggleik er að byrja núna á fimmtudaginn. Ég verð sú eina af okkur systkinunum sem tek þátt í því en Friðmey verður dráttardýr hjá mér. Þau hafa skipst á um það embætti síðustu árin, Arnar og hún.“

*gun@frettabladid.is*






**Lækjarhús á Hofi í Öræfum** hefur opnað svefnpokagistingu í 18 fermetra heilsárshúsum með eldunaraðstöðu og þráðlausu interneti. Sjá www.lækjarhús.is











Á árinu 2010 gekkst 21 erlent par undir meðferð hjá ART Medica. Meðferðir á árinu 2010 voru í heildina 539. Biðlisti styttist 2004-2009 en lengdist aftur 2010-2011. NORDICPHOTOS/GETTY






# Útfærðar áætlanir vantar

**Takmarkaður fjöldi sérþjálfaðra starfsmanna á sviði augnlækninga og tæknifrjóvgunar heftir þróun lækningatengdrar ferðaþjónustu hér á landi. Tækifæri felast þó í greininni samkvæmt nýrri skýrslu.**

„Þarna gæti verið tækifæri í framtíðinni fyrir þann hóp lækna sem eru erlendis og hafa ekki möguleika á að koma heim. Eins og er liggja þó ekki fyrir áætlanir sem geta byggt upp þær væntingar,“ segir Ingimar Einarsson, sem var formaður nefndar um lækningar yfir landamæri. Nefndin sem skipuð var í byrjun síðasta árs, skilaði af sér skýrslu á dögunum þar sem metin voru tækifæri á sviði lækningatengdrar ferðaþjónustu á Íslandi í alþjóðlegu samhengi.

Í skýrslunni kemur fram að sjálfstæð fyrirtæki á sviði augnlækninga og tæknifrjóvgunar veiti útlendingum heilbrigðisþjónustu í einhverjum mæli, en vegna takmarkaðs fjölda sérþjálfaðra starfsmanna geti þau ekki aukið starfsemi sína að ráði. „Við setjum spurningarmerki við nýju spítalana sem stendur til að starfrækja í Mosfellssveit og á Keflavíkurflugvelli því þar á að fá verktakalækna frá öðrum löndum til að byrja með. Ég veit ekki hversu gott það er fjárhagslega því það þarf að borga þeim samkeppnishæft kaup,“ segir Ingimar og heldur áfram: „Frekar á að byggja á þeirri kunnáttu sem til er í landinu og bjóða íslenskum læknum möguleika á að koma heim og taka þátt í uppbyggingu alþjóðlegrar heilbrigðisþjónustu á spítölum sem fyrir eru í landinu,“ útskýrir Ingimar sem segir að við uppbyggingu lækningatengdrar ferðaþjónustu verði að hugsa í áratugum.



Ingimar Einarsson segir að byggja eigi á þeirri kunnáttu sem til sé í landinu við uppbyggingu lækningatengdrar ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingimar segir að nú vanti talsvert upp á að útfærðar áætlanir um hvernig fjármagna eigi verkefni í lækningatengdri ferðaþjónustu liggi fyrir, sem og að fá starfsfólk og sjúklinga til landsins. „Það þarf að svipta hulunni af þeim markaðskönnunum sem hafa verið gerðar og gera fleiri og ítarlegri kannanir. Við bendum líka á að gott sé að hafa samstarf um þetta. Þá gætu Landspítalinn, sérfræðingar og áhugamenn um verkefnin talað sig saman um það.“

Ingimar tekur fram að markaðssetning lækningatengdrar ferðaþjónustu á Íslandi sé langtímaverkefni. „Landspítalinn hefur verið markaðssettur í Færeyjum og Grænlandi en fáir sjúklingar hafa þó komið hingað til lands, í heildina innan við hundrað sjúklingar á ári,“ segir Ingimar en nefndin benti á að efla þyrfti kynningar- og markaðsstarf í tengslum við lækningatengda ferðaþjónustu. „Það tekur langan tíma að byggja upp svona þjónustu og nefndin var á því að það þyrfti að byggja á þeirri starfsemi þar sem við stöndum hvað best, eins og í hjartalækningum og bæklunarlækningum.“

*martaf@frettabladid.is*






# Gengið að Sjöundá og Skor

**Svartfuglinn, sem er árleg gönguvika í Vesturbyggð, byrjar nú 22. júlí og stendur til 28. júlí.**

Gönguhátíð er að hefjast á sunnanverðum Vestfjörðum. Dagsferðir með leiðsögn verða alla daga hennar en þátttakendur sjá sjálfir um ferðir að upphafsstað og frá endastað.

Gengið verður um brúnir Látrabjargs að Bjargtöngum. Einnig að Sjöundá og Skor, um Siglunes og Skorarhlíðar, Selárdalsheiði og Lækjarheiði. Þá verða surtarbrandsnámurnar undir Stálfjalli skoðaðar.

Ferðirnar eru miserfiðar en allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Afsláttur er fyrir hópa og þá sem taka þátt í fleiri en einni gönguferð. Bókanir og nánari upplýsingar eru á www.umfar.is



Horft af Látrabjargi til Rauðasands. MYNDIR/JÓHANN SVAVARSSON

GRÆNN LÍFSSTÍLL

MIÐVIKUDAGUR 20. JÚLÍ 2011

Kynningarblað Verslun, fróðleikur, endurvinnsla, uppskriftir, umhverfismerki.

# Verslun og miðlar fróðleik

**Heilsuhúsið býður upp á lífrænt vottaðar og hollar matvörur, ásamt bætiefnum, snyrtivörum og hreinlætisvörum.**



Jóhanna segir að leitast sé eftir því að vörur Heilsuhússins séu lífrænt vottaðar, náttúrulegar og í sem bestum gæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Við reynum að hjálpa fólki að halda sig við og velja góðan lífsstíl. Við reynum að auðvelda fólki valið því við erum með framúrskarandi gott starfsfólk sem veitir góðar ráðleggingar," segir Jóhanna Kristjánsdóttir, rekstrarstjóri Heilsuhússins. „Heilsuhúsið var stofnað árið 1979 þannig að við erum búin að slíta barnsskónum og erum komin vel á fertugsaldurinn."

Jóhanna segir að búðirnar byggist upp á lífrænt vottuðum og hollum matvörum. „Svo erum við líka með bætiefni, snyrtivörur og umhverfisvænar hreinlætisvörur. Við erum til dæmis með bætiefni frá Higher Nature sem er eingöngu selt í Heilsuhúsinu og við getum sagt að það sé svona Rolls Royce bætiefnanna," upplýsir Jóhanna brosandi.

Að sögn Jóhönnu er leitast eftir því við val á vörum Heilsuhússins að þær séu lífrænt vottaðar, náttúrulegar og í sem bestu gæðum, án allra aukaefna og tilbúinna bragðefna og rotvarnarefna. „Við veljum ekki vörur með hertum grænmetisolíum eða vörur sem unnar eru úr genabreyttum matvælum," segir Jóhanna og bendir á að reynt sé að bjóða upp á íslenskar vörur eins og kostur er. „Við höfum alltaf stutt og ýtt undir íslenska framleiðslu og þá sem framleiða lífrænar íslenskar vörur, bæði grænmeti, matvörur og snyrtivörur. Við erum með gott úrval af snyrtivörum frá íslenskum aðilum en líka frá erlendum framleiðendum. Þær eru án skaðlegra aukaefna, paraben-efna og jarðolía."

Er grænn lífsstíll vinsæll í dag? „Já, ekki spurning. Fólk er farið að þekkja muninn á lífrænum vörum og þeim vörum sem ekki hafa lífræna vottun. Mér finnst fólk vanda sig betur núna heldur en oft áður við að velja vörur og vill gera vel," útskýrir Jóhanna og tekur fram að fólk virðist leggja meiri áherslu á val lífrænna vara. „Það skiptir til dæmis miklu máli hvað fólk ber á húðina. Það er jafn mikilvægt og það sem við borðum. Stór hluti af þeim kremum sem við berum á okkur fer beint inn í líkamann enda eru læknar búnir að uppgötva að setja lyf í plástur," segir Jóhanna og bætir við að því skipti það auðvitað máli hvað borið sé á líkamann.

Jóhanna tekur fram að Heilsuhúsið sé ekki bara verslun heldur miðli það líka fróðleik. „Við erum með vildarklúbb sem heitir Íbúar Heilsuhússins. Fólk getur sótt um kort á netinu og rafrænum punktum er safnað þegar verslað er. Svo er alltaf einn afsláttardagur í mánuði," segir Jóhanna. Rafrænt fréttabréf kemur út átta til tíu sinnum á ári. „Svo gefum við út stórt blað í dagblaðsformi á hverju ári sem heitir Heilsufréttir og er dreift út um allar koppagrundir."

Verslanir Heilsuhússins eru sjö, þar af eru fjórar á höfuðborgarsvæðinu; á Laugaveginum, í Kringlunni, á Smáratorgi og í Lágmúla, en Heilsuhúsið rekur einnig þrjár verslanir utan höfuðborgarsvæðisins; ein er á Selfossi, önnur í Keflavík og sú þriðja á Akureyri. Nánari upplýsingar má finna á www.heilsuhusid.is.



Jóhanna segir að margir þurfi að telja í sig kjark til að skutla engiferskoti í sig. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## ENGIFERSKOT VINSÆLT Á SAFABAR

„Við erum með safabar á þremur stöðum, í Lágmúla, Kringlunni og á Laugavegi," segir Jóhanna Kristjánsdóttir hjá Heilsuhúsinu og bætir við að þar sé eingöngu notast við lífrænt ræktað hráefni.

Jóhanna segir að engiferskot á safabarnum sé mjög vinsælt. „Við erum með stóran viðskiptavinahóp sem fær sér engiferskot til að hressa sig við. Það er vel sterkt og margir þurfa að telja í sig kjark til að skutla engiferskotinu í sig."



Baggupokarnir fást í skemmtilegum mynstrum og útfærslum.

## ENDURNÝTANLEGIR BAGGUPOKAR

Heilsuhúsið flytur inn svokallaða Baggupoka. „Þetta eru pokar sem eru eins í sniðinu og innkaupapokar," upplýsir Jóhanna en auðvelt er að brjóta pokana saman. „Þeir eru endurnýtanlegir og fást í skemmtilegum mynstrum og útfærslum," segir Jóhanna glaðlega.

Jóhanna segir að með því að nota Baggupoka sé hægt að draga úr plastpokanotkun um 300 til 700 poka á ári á mann. „Það er mjög mikið þegar allt er lagt saman."



# Létt skref í átt að betri lífsstíl

**Það er ekkert stórmál að tileinka sér umhverfisvæn sjónarmið. Eftirtalin ráð geta gert gæfumun og er því tilvalið að prófa.**

### 1. Dragið úr umbúðanotkun.

Plastpokar eru sagðir geta valdið mengun í marga áratugi, en talið er að hver Evrópubúi noti að meðaltali 500 plastpoka á ári. Flestir nota þá aðeins einu sinni. Hægt er að draga úr þeim vanda með því að skipta pokunum út fyrir léttar innkaupatöskur og grípa til þeirra þegar á að kaupa matvöru eða annað.

### 2. Mengið minna.

Ýmsar leiðir eru til að draga úr mengun af völdum bifreiða. Ein er að tileinka sér vistvænan akstur sem dregur úr eldsneytisneyslu og viðhaldskostnaði en eykur á móti öryggi í umferðinni og er umhverfisvænni. Hérlendis er hægt að fá tilsögn í vistvænum akstri hjá viðurkenndum aðilum. Upplýsingar um þá má finna á netinu.

### 3. Flokkið og endurvinnið.

Flokkun úrgangs og endurvinnsla stuðla sannarlega að umhverfisvænna samfélagi þar sem minna land fer fyrir vikið undir sorpurðun. Auk þess er sorpurðun dýrari fyrir samfélagið en endurvinnsla. Reglur um flokkun úrgangs og upplýsingar um grenndargáma og endurvinnslustöðvar Sorpu má nálgast á slóðinni www.sorpa.is.

### 4. Kaupið umhverfisvænt.

Kaup á umhverfisvænum vörum draga úr álagi á umhverfið. Með kaupunum er framleiðendum þeirra hrósað og þeir hvattir til áframhaldandi framleiðslu og líka á fleiri umhverfismerktum vörum. Á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is, eru til dæmis upplýsingar um umhverfismerki.

### 5. Sparið orku.

Notið sparperur í stað glópera en gætið þess að skila þeim í endurvinnslu þar sem þær innihalda spilliefnið kvikasilfur í litlu magni. Það er líka tilvalið að losa sig við hvers kyns rafmagnstæki og rafhlöður, sem innihalda spilliefni, til að fyrirbyggja mengun af þeirra völdum.
















## BÍLLAUS LÍFSSTÍLL

**Samtök um** bíllausan lífsstíl eru hópur fólks sem hefur áhuga á að vinna að því að gera bíllausan lífsstíl á höfuðborgarsvæðinu að vænlegri kosti en nú er. Markmiðið er margþætt, allt frá því að hafa jákvæð áhrif á nærumhverfið og draga úr útblástursmengun og yfir í að skapa líflegra og mannvænna borgarumhverfi. Samtökin halda úti heimasíðu á slóðinni billaus.is þar sem finna má fréttir, pistla, upplýsingar um skipulagða viðburði og margt fleira.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is s. 512 5432. **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.





RAPUNZEL




Lífræn og sykurlaus tómatsósa

Hún er frábær með grillmatnum og holt meðlæti fyrir alla, unga sem aldna. Þegar þú vilt sameina gæði, hollustu og gott bragð, veldu þá Rapunzel.

Yggdrasill

Fæst í öllum helstu verslunum á höfuðborgarsvæðinu

# Allir ánægðir með að flokka

Fallegt ævintýri hófst í Skagafirði með byggingu flokkunarstöðvar sem var opnuð í mars árið 2008. Þá gátu viljugir sveitungar komið með sitt flokkaða rusl á stöðina. Fyrir ári tók Sveitarfélagið Skagafjörður sig síðan til og ákvað að skylda alla í þéttbýli til að flokka. „Það hefur gefist vel," segir Ómar Kjartansson, framkvæmdastjóri Flokku ehf. „Fólk tók fullan þátt í þessu. Það var einn og einn sem var óánægður en ég held að það sé komið í gott lag og bæjarbúar bara ánægðir með þetta."

Hið nýstárlega við þetta fyrirkomulag á sínum tíma var að ekið var með tunnurnar heim til fólks og því látin í té viðeigandi ílát, ókeypis og vandræðalaust. Kynningarfundir voru haldnir og fólki kennt að flokka. Árangurinn lét ekki á sér standa. „Nú urðum við 35 prósent af óendurvinnanlegum úrgangi miðað við magnið sem var fyrir breytingarnar," segir Ómar. „Tveggja hólfa bíll sækir tunnurnar. Ein tunnan er græn, fyrir mismunandi plast, pappír og málma. Svarta tunnan er fyrir óendurvinnanlegt en í henni er 35 lítra hólf fyrir lífrænan úrgang," segir Ómar sem kveður fólk nú vilja tíðari losun. „En það er, tel ég, hjá fólki sem fer ekki eftir leiðbeiningum. Hjá þeim sem brjóta saman og raða gengur mjög vel og þarf því ekki að losa tunnurnar oftar."



Að sögn Ómars Kjartanssonar framkvæmdastjóra Flokku ehf. hefur gengið vel að fá íbúa sveitarfélagsins Skagafjarðar til að flokka úrgang.

Að sögn Maríu Bjarkar Ingvadóttur, frístundastjóra hjá sveitarfélaginu, hafa margir breytt neysluvenjum sínum eftir innleiðingu flokkunarkerfisins. „Þegar fólk sér að það er að henda allt að 60 kílóum af lífrænum úrgangi, það er mat, á mánuði þá hugsar það sinn gang og fer að haga innkaupum sínum skynsamlegar."



### LÍFRÆN PARADÍS

**Þjóðverjar eru** þekktir fyrir dálæti sitt á lífrænum mat. Hótel Ulrichshof í Bæjaralandi býður eingöngu barnafólki með lítil börn í gistingu sem í þokkabót aðhyllist lífrænan lífsstíl og neytir eingöngu lífrænnar fæðu. Þangað getur fólk komið og áhyggjulaust látið hvað sem er inn fyrir sínar varir án þess að óttast að um ólífræna vöru sé að ræða. Allt á staðnum er lífrænt og náttúrulegt: leiktækin fyrir börnin, sápan sem ræstitæknarnir nota og nammið í sjálfsalanum, auk þess sem hótelið er hitað upp með afgangsspreki úr bæverskum skógum.


Hótel Náttúra



Hótelið er rekið í húsakynnum Heilsustofnunar í Hveragerði og býður upp á fjölbreytta gistimöguleika sem henta bæði einstaklingum, fjölskyldum og stærri hópum.

- *Frábær aðstaða í Baðhúsinu Kjarnalundi*
- *Góðar gönguleiðir í nágrenni hótelsins*
- *Fjölbreyttur matur með áherslu á íslenska fiskinn*
- *Stutt frá áhugaverðum stöðum og afþreyingu*

**Gisting Baðhús Slow Food Leirböð Nudd Yoga Bowen Golf Hestaferðir Hjólreiðar Gönguferðir Náttúruupplifun**



Hótel Náttúra - Grænumörk 10
Hveragerði - Sími 483 0300
www.hotelnattura.is


# Tveir þrusugóðir

**Hollir safar svíkja engan. Hér eru uppskriftir að tveimur ljúffengum.**



### Gulrótarsafi

Saxið niður gulrætur, engifer (örlítið) og epli eftir smekk og blandið saman í rafmagnskvörn ásamt smá vatni og klökum. Sumum finnst gott að hella út í dálitlu af tilbúnum eplasafa. Berið fram í glasi með röri.

### Tómatsafi

Hreinsið fimm tómata að utan sem innan og skerið í báta. Hitið í potti (sem ekki smitar út frá sér) ásamt niðurskornum rauðlauk og selleríi eftir smekk í um það bil hálftíma. Gætið þess að hafa lok ofan á pottinum. Hrærið í þar til tómatarnir verða mjúkir. Setjið tómatana í rafmagnskvörn og fjarlægið kjötið. Setjið tómatsafann í pott ásamt teskeið af sykri og saltið og piprið eftir smekk. Látið suðuna koma upp. Kælið og berið fram.





„Ferlið er allt eftirlitsskylt," segir Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri hjá Túni, um lífræna framleiðslu. MYND/VILHELM

# Allt spurning um hugarfar

Tún er faggild og alþjóðlega viðurkennd vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Á þessu ári hafa fleiri sótt um að framleiða vörur í samræmi við alþjóðlega staðla um lífrænar aðferðir en fyrri ár og stöðugt fjölgar fyrirtækjum sem vinna úr lífrænu hráefni. Þá er umsóknum frá sauðfjárbændum að fjölga að sögn Rannveigar Guðleifsdóttur sem er verkefnastjóri hjá Túni. „Lífrænar aðferðir byggjast á því að vinna sem mest með náttúrunni, nota engan tilbúinn áburð og forðast öll eiturefni og erfðabreyttar lífverur. Einnig er áhersla á velferð dýra, að þau hafi rúmt um sig og hæfilega útivist," segir hún og lýsir ferlinu nánar.

„Þegar við fáum umsókn frá framleiðanda fer matsmaður á staðinn og athugar hvað þarf að lagfæra til að starfsemin standist ströngustu kröfur. Öll mál eru lögð fyrir nefnd sem ákveður hvort vottun verður samþykkt. Aðlögunartími í landbúnaði er yfirleitt tvö ár, búreksturinn er undir eftirliti þann tíma og síðan tekur við árlegt eftirlit. Yfirleitt er fólk mjög áhugasamt og vill gera hlutina vel."

Rannveig segir lífrænan búskap ekki endilega þurfa að vera stórt skref fyrir þá sem hafa verið í framleiðslu.

„Þetta er allt spurning um hugarfar. Eftir hrun hefur áburðar- og fóðurverð hækkað svo mikið að bændur hafa reynt að draga úr notkun tilbúins áburðar og fóðurbætis og nota búfjáráburð og rækta eigin fóður í meira mæli. Oft þurfa þeir samt að breyta húsnæði og aðstöðu búpeningsins og það kallar á útgjöld en margir bændur sem hafa skipt yfir í lífrænan búskap segja hann mun hagkvæmari en þann hefðbundna."

Eftirspurn eftir lífrænum vörum hér á landi er meiri en framboð að sögn Rannveigar. „Fólk verður bara að muna eftir að leita eftir vottunarmerki á þeim vörum sem það kaupir, ef það vill kaupa lífrænt. Það er staðfesting á því að unnið hafi verið eftir þessum alþjóðlegu reglum."





- Vottunarstofan Tún vottar lífræna íslenska framleiðslu
- Vörur sem bera vottunarmerki Túns eru framleiddar samkvæmt alþjóðlegum kröfum um lífrænar aðferðir
- Vottunarmerkið er trygging neytenda fyrir eftirliti óháðs aðila með framleiðslunni

VOTTAÐ LÍFRÆNT
TÚN

Vottunarmerki Túns
er ávísun á lífrænar aðferðir
í framleiðslu matvæla

Vottunarstofan Tún / sími: 511 1330
tun@tun.is / www.tun.is



## FRÆÐSLUVEFUR UM GRÆNAN LÍFSSTÍL

Umhverfisstofnun hefur sett á fót undirsíðu á heimasíðu sinni, www.ust.is, sem fjallar um grænan lífsstíl í tengslum við bílinn, garðinn, heimilið, snyrtivörur, börn og varasöm efni svo dæmi séu nefnd.

Í heimilisflokknum er meðal annars hægt að kynna sér endurvinnslu og atriði sem ætti að hafa í huga varðandi rafmagnstæki, hreinsivörur, inniloft, raka og myglu. Í meðgöngu- og barnaflokknum er fjallað um fatnað, leiksvæði, leikföng og annað sem þeir sem vilja skapa börnum heilnæmar aðstæður ættu að hafa í huga.



## GRÆNIR SMOKKAR

Umhverfisvæn sjónarmið má tileinka sér með ýmsum hætti, þar á meðal með kaupum á vistvænum smokkum. Talið er að á heimsvísu séu árlega notaðir í kringum tíu milljarðar smokka sem fara beinustu leið í ruslið. Smokkaframleiðendur hafa ákveðið að stemma stigu við mengun af völdum þessara hefðbundnu gúmmísmokka með framleiðslu á „náttúrulegum“ smokkum. Þá er hægt að velja fram yfir hina sem ekki brotna niður í náttúrunni.

## BYLTING Í TÖLVUSKJÁUM?

Þýskir vísindamenn hafa þróað tækni sem þeir segja að geti stórbætt orkunýtingu á lífrænum díóðuljósgjöfum. Ef þeir ná að fullkomna tæknina munu í framtíðinni koma á markað hræódýrir tölvuskjáir sem eru mjög þunnir, eyða afskaplega litlu rafmagni en eru samt með góð myndgæði. Þetta eru svokallaðir OLED-skjáir sem vísindamenn við Fraunhofer Institut leitast við að fullkomna. Þó eiga þeir eftir að yfirstíga nokkrar hindranir og finna réttu útfærsluna.



## SAUTJÁN MEÐ SVANSVOTTUN

**Svanurinn er opinbert norrænt umhverfismerki**. Kröfur Svansins ná yfir alla helstu umhverfisþætti vöru eða þjónustu. Má þar nefna orku- og hráefnanotkun, losun mengandi eða hættulegra efna, umbúðanotkun, flutning og meðhöndlun úrgangs. Tilgangur Svansins er að ýta undir sjálfbæra þróun svo að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika og nútímamenn til að mæta þörfum sínum. Alls er hægt að votta um 70 mismunandi vöru- og þjónustuflokka. Á Íslandi hafa 17 Svansvottanir verið gefnar út frá 2000.

**Þær eru eftirfarandi:**

1. Prentsmiðjan hjá Guðjón Ó – frá 2000
2. Farfuglaheimilin í Laugardal – frá 2004
3. Undri – iðnaðarhreinsir – frá 2006
4. Sólarræsting – frá 2007
5. ISS-ræstingar – frá 2009
6. Prentsmiðjan Oddi – frá 2009
7. Farfuglaheimilin Vesturgötu – frá 2010
8. Kaffihús kaffitárs – frá 2010
9. Hreint ehf.-ræstingar – frá 2010
10. Prentsmiðja Svansprent – frá 2010
11. Ísafoldarprentsmiðja – frá 2010
12. Nostra-ræstingar – frá 2010
13. AÞ-þrif-ræstingar – frá 2010
14. Háskólaprent – frá 2010
15. Hótel Rauðaskriða – frá 2011
16. Hótel Eldhestar – frá 2011
17. Prentmet ehf.- prentsmiðjan Reykjavík – frá 2011

UMHVERFISMERKI

**Nánari upplýsingar um Svansvottun og þau skilyrði sem þarf að uppfylla eru á www.svanurinn.is.**













# Þreyta í vöðvum? Þurr húð?

**Vöðva og liða Galdur**
hefur reynst sérstaklega vel á vöðvabólgu, beinhimnubólgu, liðverki, sinaskeiðabólgu, vaxtaverki og íþróttameiðsl.
Seiðkarlar til forna blönduðu saman jurtum, m.a. grávíði og mjaðurt, sem unnu vel á bólgum og verkjum.
Gott smyrsl á fætur, bak, axlir, enni, liði, skordýrabit og bólgur.

**Húð Galdur**
hefur reynst kláðastillandi, mýkjandi og græðandi á exem, sólarexem, sóríasis og aðra húðkvilla.
Inniheldur blöndu af brenninetlu, arfa og ýmsum öðrum jurtum sem grasalæknar héldu fram forðum daga að gerði húðinni gott.
Gott smyrsl við útbrotum, kláða og þurri húð.

*Smyrslin frá Villimey eru unnin úr íslenskum jurtum sem eru handtíndar í hreinni náttúru Vestfjarða þegar virkni þeirra er hvað mest.*

*Smyrslin eru náttúruleg og lífræn, án allra rotvarna-, ilm- og litarefna og eru með 100% lífræna vottun frá Vottunarstofunni Túni.*

*Fæst í heilsuverslunum og apótekum.*

VILLIMEY

Lífrænt vottuð smyrsl, úr villtum íslenskum jurtum.

VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN
EES-ESB vottun IS-1

Strandgata 44 • 460 Tálknafjörður • sími 892 8273 • villimey@villimey.is • www.villimey.is



†

*Yndislegi eiginmaðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorbjörn Gissurarson**

frá Súgandafirði,
Borgarholtsbraut 46, Kópavogi,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans þann 13. júlí sl. Útförin fer fram í Kópavogskirkju fimmtudaginn 21. júlí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Karitas eða Súgfirðingafélagið í Reykjavík.

**Dagrún Kristjánsdóttir**
**Liljar Sveinn Heiðarsson**
**Jóhanna Guðrún Þorbjarnardóttir** **Ásgrímur Kárason**
**Elín Þorbjarnardóttir** **Magnús H. Valdimarsson**
**Sigríður Þorbjarnardóttir** **Þórhallur Ásgeirsson**
**Guðmunda I. Þorbjarnardóttir** **Friðrik Garðarsson**
**Kristbjörg Dagrún Þorbjarnardóttir** **Sigurður Elvar Sigurðarson**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Ingimundarson**

netagerðarmeistari,
Hjarðarholti 16, Akranesi,

andaðist mánudaginn 18. júlí á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 22. júlí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Knattspyrnufélags ÍA kt. 500487-1279.
Banki: 0552-26-6070

**Guðrún Þórarinsdóttir**
**Elís Þór Sigurðsson** **Jónsína Ólafsdóttir**
**Hallgrímur Sigurðsson** **Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Sigurður Arnar Sigurðsson** **Svala Kristín Hreinsdóttir**
**og afabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Aðalsteinn Ingólfsson**

Vesturhúsum 14, Reykjavík,

lést á lungnadeild LSH þann 14. júlí síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ingibjörg Sigfúsdóttir**
**Ingólfur Aðalsteinsson** **Eygló R. Sigurðardóttir**
**Sigfús Aðalsteinsson** **Mirael Radu**
**Valgerður Aðalsteinsdóttir** **Ögmundur Ásmundsson**
**barnabörn.**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, afi, langafi og tengdafaðir,*

**Alfred H. Einarsson**

Suðurmýri 60, Seltjarnarnesi,

lést á hjartadeild Landspítalans 12. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Innilegar kveðjur sendum við starfsfólki Landakots og hjartadeildar Landspítalans fyrir frábæra umhyggju í hans garð og okkar allra.

**Sigríður Sigmundsdóttir**
**Elísabet Guðmunda**
**Borghildur Rannveig**
**Ingibjörg Málfríður**
**Anna Sigríður**
**tengdabörn, barnabörn og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Kristín Kristjánsdóttir**

Reykjavíkurvegi 40, Hafnarfirði,
áður til heimilis á Bíldudal,

lést á heimili sínu föstudaginn 8. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðmundur Þ. Ásgeirsson**
**Emil Jón Hreiðarsson** **Gyða Júlíusdóttir**
**Linda Björk Guðrúnardóttir**
**Gunnar Hilmar Gíslason** **Gyða Traustadóttir**
**Arnar Freyr Guðmundsson** **Kristín Grétarsdóttir**
**Brynja Dögg Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Guðný Jóhannsdóttir**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

andaðist á heimili dóttur sinnar og tengdasonar, í Svíþjóð, aðfaranótt sunnudagsins 26. júní. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju, föstudaginn 22. júlí, klukkan 11.00.

**Margrét Einarsdóttir** **Bogi Ásgeirsson**
**Jóhann Einarsson** **Hrafnhildur Hanna Þorgerðardóttir**
**Gísli Marteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Pétur Þorsteinsson**

Löngulínu 7, Garðabæ,
áður Borg, Tálknafirði,

lést á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 15. júlí. Útförin hans fer fram frá Tálknafjarðarkirkju föstudaginn 22. júlí nk. og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Þórarna Ólafsdóttir**
**Áslaug Pétursdóttir**
**Lára B. Pétursdóttir**
**Kolbeinn Pétursson**
**Konráð Pétursson**
**Sara Pétursdóttir**
**og fjölskyldur**



†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Jón Sæmundsson**

bóndi í Fagrabæ,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 16. júlí. Jarðsungið verður frá Laufáskirkju laugardaginn 23. júlí kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Ægi á Grenivík.

**Tómas Sæmundsson** **Dagmar Lovísa Björgvinsdóttir**
**Sigrún Sæmundsdóttir** **Guðgeir Bjarnason**
**Baldur Sæmundsson** **Ulla Sæmundsson**
**Sigtryggur Davíðsson**
**Indriði Indriðason**
**Elínborg Sveinbjarnardóttir**
**Sigríður H. Jóhannsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**RÓTTÆKT STARF** Viðar Þorsteinsson mun kenna við Róttæka sumarháskólann. MYND/ANNA GUNNARSDÓTTIR

# Róttæklingar boða til skólahalds

Róttæki sumarháskólinn tekur til starfa í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121 dagana 13. til 18. ágúst.

Skólinn er opinn vettvangur sem býður upp á samfélagsrýni frá mismundi sjónarhornum femínisma, anarkisma, marxisma og fleira. Námskeiðin eru sett saman úr allt að þremur námsstofum og raðað saman eftir skyldleika. Ekki þarf að sitja allar námsstofur á hverju námskeiði og er hverri skipt upp í fyrirlestur og umræður eftir hentugleikum.

Námið er ekki eingöngu af bóklegum toga heldur er leitast við að tengja saman róttækar hugmyndir og aðgerðir.

Þess má geta að þátttökugjalds og menntunar er ekki krafist. Hægt er að skrá sig í skólann á Facebook eða með því að senda tölvupóst á sumarhaskolinn@gamail.com.

Nánari upplýsingar á slóðinni sumarhaskolinn.perspiredbyiceland.com.

## Merkisatburðir

**1433** Jóni Gerrekssyni, biskupi í Skálholti, er drekkt í Brúará eftir að sveinar hans höfðu farið um sem ribbaldar.
**1627** Guðbrandur Þorláksson, biskup á Hólum, deyr eftir 56 ár í embætti.
**1783** Eldmessa Jóns Steingrímssonar er sungin á Kirkjubæjarklaustri og stöðvaðist þá framrás hrauns skammt frá.
**1934** Sókn er stofnað sem stéttarfélag starfsstúlkna á sjúkrahúsum.
**1968** Opnuð er vatnsleiðsla sem lögð var til Vestmannaeyja frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.
**1969** Appolló 11 lendir giftusamlega á tunglinu.
**1973** Stofnfundur Flugleiða hf. er haldinn og sameinuðust Flugfélag Íslands og Loftleiðir þá í eitt félag.



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnhildar Oddnýjar Guðbjörnsdóttur**

Hraunbæ 103.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Holtsbúðar Garðabæ fyrir góða umönnun.

**Jónína Haraldsdóttir** **Vilhjálmur Albertsson**
**Stefanía Haraldsdóttir** **Halldór Ármannsson**
**Sigurður Már Haraldsson** **Rósa Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ástþór Sveinn Markússon**

Aðallandi 3, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 14. júlí sl., verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. júlí kl. 13.00.

**Halldóra Gísladóttir**
**Ólafur Svavar Ástþórsson** **Ásta Guðmundsdóttir**
**Anna Guðlaug Ástþórsdóttir** **Hallgrímur G. Magnússon**
**Ásta Ástþórsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## GARÐVÖRUR Í ÚRVALI

Við Fellsmúla - Reykjavík

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
1800W
100 BAR
24.900

**SLÁTTUORF**
2000W
3.495

**GARÐÁHÖLD**
1.795

**GREINAKLIPPUR**
2 Í PK.
1995
995

## GARÐSLÁTTUVÉL
RAFMAGNS - 1100W
16.949



**GARÐHANSKAR**
350
250

**HEKKKLIPPUR**
3.995

**ÚTIFJÖLTENGI OG ÚTIKEFLI** FRÁ 10m - 50m
VERÐ FRÁ 3.395

**GREINAKLIPPUR, STÓRAR**
3.995

**ÚÐABRÚSAR**
5 LÍTRA 3.495
2 LÍTRA 2.395

**GARÐSLANGA**
15 METRA
M/ ÚÐARA OG TENGJUM
2.995

**VATNSÚÐARAR**
2.595
995
490
990

SLÖNGUTENGI
VERÐ FRÁ
295

GARÐÚÐARI
2.990

**SLÖNGUKEFLI**
3.894
4.995

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ló, **6.** guð, **8.** tal, **9.** loga, **11.** kusk, **12.** lofa, **14.** urga, **16.** klafi, **17.** slöngu, **18.** málmur, **20.** hljóm, **21.** hófdýr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** trappa, **3.** kringum, **4.** hugarró, **5.** nögl, **7.** sambandsríkis, **10.** gyðja, **13.** sjáðu, **15.** formóðir, **16.** munda, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kusk, **6.** ra, **8.** mál, **9.** eld, **11.** ló, **12.** prísa, **14.** ískra, **16.** ok, **17.** orm, **18.** tin, **20.** óm, **21.** asni.
**LÓÐRÉTT: 1.** þrep, **3.** um, **4.** sálarró, **5.** kló, **7.** alríkis, **10.** dís, **13.** sko, **15.** amma, **16.** ota, **19.** nn.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið




Þú færð Fréttablaðið á 16 stöðum á Austurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Austurlandi

Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
Olís, Fellabær
N1 Þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Samkaup Úrval, Egilsstöðum
Samkaup Strax, Seyðisfirði
Olís, Reyðarfirði
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**




*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft


# Fúskarar í sviðsljósinu

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Það eru átök milli manna og hins yfirnáttúrulega. Seiðkarla og -konur drífur að til að stilla til friðar. Í hrjóstrugum hlíðum er sungið, kyrjað, dansað og heitið á æðri máttarvöld undir þungri skýjabreiðu. Nei, þetta er ekki sena úr nýjustu Harry Potter myndinni sem frumsýnd var um helgina. Um er að ræða viðbrögð við framkvæmdum í grjótnámu í Traðarhyrnu við Bolungarvík þar sem grunlausir verktakar uggðu ekki að sér og með jarðýtum sínum og sprengiefni grófu upp alla mestu vitleysinga landsins.

**MÁNUÐUR** er síðan grjóti rigndi yfir efri byggðir Bolungarvíkur svo göt komu á þök og rúður brotnuðu þegar sprenging fyrir snjóflóðagarði fór úrskeiðis. Fyrstu viðbrögð voru rökrétt. Verktakarnir litu málið alvarlegum augum og kváðust ætla að kanna hvað klikkaði. Nefndu þeir að ef til vill hefði mátt nota sprengimottur til að varna gegn óhappinu en sögðu þó að við sprengingar af þessu tagi væru motturnar iðulega ekki notaðar. Sú fullyrðing stangaðast hins vegar á við orð fulltrúa Vinnueftirlitsins sem sagði að alltaf ætti að nota mottur. Það sem gerðist næst hefði PR-deild verktakanna ekki getað skipulagt þótt hún hefði reynt.

**HÓPUR** sem hvorki hefur reynslu af verklegum framkvæmdum né dínamíti blandaði sér í málið og sagði sig vera með skýringu á reiðum höndum. Mennirnir hefðu reitt álfa til reiði með jarðraski og steinregnið hefði verið hefndaraðgerð. Í einum kór tóku fjölmiðlar andköf og beindu myndavélum, hljóðnemum og óskertri athygli að álfaspekingum sem buðu sig í sviðsljósinu eins og álfar í tunglsljósi á þrettándanótt. Með stóryrtum yfirlýsingum spekinganna um meiðsl sem mennirnir hefðu valdið saklausum álfabörnum og dulrænum athöfnum sem tryggja áttu fyrirgefningu þeirra var alvarleiki óhappsins, sem hefði getað endað með skelfingu og ábyrgð verktakanna, galdraður burt.

**VERKTAKARNIR** fóru að sögn yfir vinnureglur sínar í samvinnu við bæjaryfirvöld og Vinnueftirlitið. Ekki var það þrýstingi fjölmiðla að þakka en sumir þeirra virtust áhugasamari um að grilla bæjarstjóra Bolungarvíkur fyrir að vilja ekki biðja álfana afsökunar heldur en að krefja verktakana um svör. Sumum þykir heimska og húmbúkk ekkert tiltökumál; að láta eins og álfar séu til sé saklaus iðja. Svo er hins vegar ekki. Það að fúskarar fái að beina athyglinni frá því að raunverulegra skýringa sé leitað á mannlegum mistökum svo hægt sé að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig getur orðið til þess að uppspunnin álfanna börn verði mannanna börnum að fjörtjóni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



(fullt verð 15.990)

**MCKINLEY FLOCCUS JACKET**
Léttur útivistarjakki með öndun og 5.000 mm vatnsheldni. Dömustærðir.

**10.990**

## KLÚBBTILBOÐ
### GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



**5.990**

(fullt verð 11.990)

**MCKINLEY NATAL SOFTSHELL**
Útivistarjakki úr teygjanlegu softshell-efni með öndun. Hvítur eða brúnn. Dömustærðir.
**Tilboðið gildir aðeins í Intersport Bíldshöfða.**

**8.990**

(fullt verð 11.990)



**MCKINLEY GENIUS REGNSETT**
Regnjakki og buxur með öndun og 2.000 mm vatnsheldni. Dömustærðir.

**6.990**



**MCKINLEY DUNIT CAPRI**
Kvartbuxur úr léttu og fljótþornandi efni með góðri öndun. Dömustærðir.

**29.990**



**SALOMON DISCOVERY GORE-TEX**
Gönguskór með GORE-TEX vatnsvörn. Millistífur Contagrip-sóli með góðu gripi. Dömu- og herrastærðir.

**16.990**

(fullt verð 19.990)



**SALOMON VEGA GORE-TEX**
Gönguskór með GORE-TEX vatnsvörn. Mjúkur Contagrip-sóli með góðu gripi. Dömu- og herrastærðir.

**19.990**



**SALOMON EXIT PEAK MID GORE-TEX**
Gönguskór með GORE-TEX vatnsvörn. Mjúkur Contagrip-sóli með góðu gripi. Dömustærðir.

EXPO • www.expo.is

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

# menning

menning@frettabladid.is

! Sunnudaginn 24. júlí klukkan 14 býðst fjölskyldum, börnum og fullorðnum, að taka þátt í fjölskyldusmiðju í Listasafni Íslands sem ber heitið Mamma könguló. Í smiðjunni er unnið út frá dularfullum myndheimi Louise Bourgeois en smiðjan er haldin í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík.

## Hollywood að hætti Andreu

Við förum í sparifötin og þetta verður ekta Hollywood-stemning,“ segir Andrea Gylfadóttir sem í kvöld flytur ýmsar af perlum kvikmyndatónlistarinnar á Café Rosenberg. „Það eru þarna Bond-lög og Chaplin-lag, og líka lag úr Bagdad Café og meira að segja lög úr tveimur íslenskum kvikmyndum, ásamt mörgum öðrum. Við höldum okkur við lög sem eru sérsamin fyrir kvikmyndir og endurspegla andann úr þeim.“



**ANDREA GYLFADÓTTIR** Flytur lög úr þekktum kvikmyndum á Café Rosenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hljómsveitin er skipuð þeim Eðvarð Lárussyni, Tómasi Tómassyni, Magnúsi R. Einarssyni og Jóni Indriðasyni. „Bandið er sett saman sérstaklega fyrir þetta „prodjekt“,“ segir Andrea. „Við héldum tónleika á Obladi oblada um daginn sem mæltust svo vel fyrir að við höfum ákveðið „vegna fjölda áskorana“ að endurtaka leikinn í kvöld.“

Tónleikarnir hefjast kl. 21.

- fsb

Bækur ★★

**Undir tjaldhimni veruleikans**

Bjarni Bernharður





## Á dansgólfi hverfulleikans

Bjarni Bernharður er ötult skáld, frá honum streyma ljóðabækur og er fjöldi þeirra nú kominn á annan tuginn. Sú fyrsta, Upp og ofan, kom út 1975 og sú nýjasta, Undir tjaldhimni veruleikans, nú á vordögum.

Bókin Undir tjaldhimni veruleikans er ekki stór í sniðum en höfundi liggur mikið á hjarta og er fátt óviðkomandi. Hér er ort af ástríðu um lífið, dauðann, manninn, vonina, gleðina, hamingjuna, sköpunina, þjóðrembuna og svo mætti áfram telja. Formið er yfirleitt knappt og hnitmiðað og grunntónninn sá sami: Heimurinn er á hraðferð til helvítis en sköpun, skáldskapur, fegurð og kærleikur eru öflug mótefni og lífið ekki það versta sem maður hefur, þrátt fyrir allt.

Bjarni Bernharður hefur verið kallaður utankassaskáld og sagður yrkja á einstæðan hátt, án áhrifa frá öðrum höfundum. Í Undir tjaldhimni veruleikans gætir þó töluverðra áhrifa frá heimsósómaskáldum frá síðustu áratugum síðustu aldar eins og glöggt má sjá í fyrsta ljóðinu sem nefnist Korn. Þar er meðal annars að finna þessa líkingu:

*Við erum kornin*
*í brauði auðvaldsins*
*sem hinir lystugu gæða sér á.*

Önnur ljóð eru ljóðrænni og dreymnari eins og Leit, Nýr veruleiki og Sálarstyr, svo nefnd séu nokkur dæmi. Þar er brugðið upp fallegum myndum og ljóðmálið er fágað, orðin fá og sýnin sérstök og persónuleg. Þau ljóð sem byggja á beinni gagnrýni á samfélagið eru mun síðri. Þjóðfélagsádeilan verður nokkuð klisjukennd og kunnugleg þegar böndin berast að hruninu og orsakavöldum þess og ljóst að höfundinum fatast í ljóðrænunni vegna reiði. Aðalsmerki allra ljóðanna eru þó einlægnin og óttaleysi höfundarins við að takast á við dekkri hliðar jafnt sjálfs sín sem samfélagsins. Bjartsýnin er bölsýninni sterkari og síðasta ljóðið í bókinni, sem nefnist Í bakspegli, súmmerar vel upp niðurstöðu bókarinnar í heild. Því lýkur á þessum orðum:

*Nú eru klungrin*
*og hinar hálu brautir*
*að baki*

*í húsi skáldsins*
*er andinn ferskur.*

*Í dag er fylling tímans!*

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Einlæg ljóð frá óttalausum höfundi, sem fatast þó flugið þegar hann snýr sér að þjóðfélagsgagnrýni.







**FRÁ SÝNINGUNNI Í SEAN KELLY GALLERY** Birgir á skilið að vera mun þekktari að mati gagnrýnanda New York Times. Birt með leyfi Sean Kelly Gallery, New York og i8 gallerí, Reykjavík.

# Einn merkasti konseptlistamaður Norðurlanda

**Samsýning á verkum Birgis Andréssonar og Poul Gernes í Sean Kelly Gallery í New York hefur vakið athygli vestanhafs. Unnið er að bók fyrir alþjóðlegan markað um feril Birgis og þýðingu í alþjóðlegu samhengi.**

Myndlistarmaðurinn Birgir Andrésson er settur í hóp helstu póstmódernísku konseptlistamanna Norðurlanda á síðari hluta 20. aldar í sýningarskrá sýningar á verkum hans og Danans Pouls Gernes sem nú stendur yfir í Sean Kelly galleríinu í New York, einu helsta gallerii borgarinnar. Sýningin er nefnd eftir einu verka Birgis, Bolt Out of the Blue, en alls eru verk hans á sýningunni 35 talsins. Gagnrýnandi The New York Times, Karen Rosenberg, fer fögrum orðum um sýninguna og segir hina látnu listamenn, Birgi og Gernes, eiga skilið að vera mun þekktari vestanhafs en raunin sé.

Mikill áhugi er á verkum Birgis og síðastliðið haust kom út hjá Crymogeu rómuð bók Þrastar Helgasonar um Birgi og verk hans, en útgefendur ætla ekki að láta þar staðar numið. „Í framhaldi af bók Þrastar um Birgi erum við að vinna að heildarskrá verka hans sem verður einnig á ensku og hugsuð fyrir alþjóðlegan markað,“ segir Kristján B. Jónasson, útgefandi í Crymogeu. „Hugsunin er sú að setja það í samhengi að Birgir sé einn af þessum stóru norður-evrópsku samtímalistamönnum og sýningin í New York undirstrikar það rækilega.“

Bókin verður gefin út á ensku og mun hinn virti listfræðingur Robert Hobbs skrifa inngang þar sem hann setur verk Birgis í stærra alþjóðlegt samhengi. „Bók Þrastar verður ofin inn í þessa bók, en verkaskráin verður ítarlegri og við erum að biðla til fólks sem á verk eftir Birgi að hafa samband við okkur svo hægt sé að skrá þau og mynda og öðlast þannig heildarsýn yfir feril hans,“ segir Kristján.

„Það hefur komið í ljós í þessari vinnu að það er til mikið af verkum eftir hann sem við setjum ekki endilega í samband við hans feril. Eins og með flesta íslenska samtímalistamenn hefur aldrei verið unnin nein grundvallarrannsókn á hans ferli. Í bók Þrastar er haldið utan um sýningar og þess háttar, en við höfum komist að því að það segir ekki nema hálfa söguna. Birgir teiknaði mjög mikið af myndum eftir pöntun og var með sýningar á verkum sem við tengjum ekki mikið við hann núna. Þannig að við erum að vinna að því að fá heildarsýn yfir öll verkin.“

Skipuleg ljósmyndun verka Birgis hefst nú í sumar og Auður Jörundsdóttir, sem heldur utan um skrásetningu verkanna, er langt komin með að teikna upp heildarmynd, en Kristján vill beina þeim tilmælum til allra sem eiga verk eftir Birgi að hafa samband við útgáfuna svo heildarsýnin verði sem nákvæmust.

fridrikab@frettabladid.is



BIRGIR ANDRÉSSON

KRISTJÁN B. JÓNASSON



Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



Graníthellur

fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!







CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is



# VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ FRÁBÆRA SUMARÚTSÖLU

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



3135

ÚTSÖLUVERÐ 59.995

VERÐ ÁÐUR 79.995

-25%

**26" LCD-2631DVX-II sjónvarp**

Mjög gott 26" LCD HD Ready sjónvarp
- Með innbyggðum DVD-spilara
- 2 HDMI-tengi

SALORA



LG

42LE730N

ÚTSÖLUVERÐ 199.995

VERÐ ÁÐUR 269.995

-26%

**42" LG LED Full HD 100Hz sjónvarp**

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn
- Intelligent Sensor 2 myndstýring
- 100 Hz
- Fjögur HDMI
- DivX HD stuðningur á USB, spilar MKV-skrár
- Nettengjanlegt



TX-P42S30E

ÚTSÖLUVERÐ 159.995

VERÐ ÁÐUR 189.995

-16%

**TX-P42S30E - 42" Panasonic sjónvarp**

- Full HD 1080p
- 600Hz
- Háskerpu móttakari
- DVB-T
- USB 2.0
- DivX
- Progressive Scan
- Kortalesari

Panasonic



4541

**Salora ferða DVD DVP-7008**

- 7" skjár
- USB-tengi
- MMC/SD kortalesari
- Höfuðpúðafesting og taska fylgja
- 12V og 220V snúrur fylgja
- Fjarstýring

ÚTSÖLUVERÐ 14.995

VERÐ ÁÐUR 19.995

-25%

SALORA

ÚTSÖLUVERÐ 495

VERÐ ÁÐUR 1.495

-67%

**Knopex tappa-heyrnartól**

- Góð heyrnartól



**Nokia C3-01 Silfur**

Takkar og snertiskjár
- Wi-Fi
- Facebook
- Twitter
- 5 MP myndavél

ÚTSÖLUVERÐ 24.995

VERÐ ÁÐUR 39.995

-38%

NOKIA



002S9L7

ÚTSÖLUVERÐ 69.995

VERÐ ÁÐUR 99.995

-30%

**HTC Desire Hvítur**

- Frábær HTC-sími með Android 2.2 stýrikerfi
- 3,7" skjár
- 5 MP myndavél
- WiFi

htc

android



10018834

ÚTSÖLUVERÐ 14.995

VERÐ ÁÐUR 26.995

-44%

**Emporia Talk Premium**

- Þægilegur og einfaldur sími með stóru takkaborði
- Íslensk valmynd

emporia

V29-001



SUMARÚTSALA

20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma

Mikið úrval af farsímum á allt að 60% afslætti

10% afsláttur af nýjum símum

**Rýmum til fyrir nýjum vörum!**

Hátækni

**Opið:** Virka daga 9.30–18 • lokað á laugardögum í sumar

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is/utsala

PIPAR\TBWA • SÍA • 111852

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
Harry Potter og Dauðadjásnin
★★★★ - L.S - ENTERTAINMENT WEEKLY
★★★★ - T.M - THE HOLLYWOOD REPORTER
12 STÆRSTA MYND ÁRSINS! BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN. SJÁÐU LOKAKAFLANN Í 3D
ATTACK THE BLOCK 16 midi.is
ZOOKEEPER L
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
TRANSFORMERS 12 LÚXUS

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ATTACK THE BLOCK | KL. 8 - 10 | 16 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 10.20 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 - 7 - 8 - 10 - 10.40 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ATTACK THE BLOCK | KL. 10 | 16 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10
Stærsta mynd ársins!
★★★½ T.V. - kvikmyndir.is
BRIDES MAIDS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HARRY POTTER - 3D | 5, 7.30 og 10(POWER) |
| BRIDESMAIDS | 4 |
| KUNG FU PANDA 2 - ISL TAL 2D | 4, 6.30, 7.30, 9 og 10 |

SAMBÍÓIN
BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN
STÆRSTA MYND ÁRSINS
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★ E.W. WEEKLY
„MÖGNUÐ ENDALOK" ★★★★ HSS. MBL
„KRAFTMIKILL LOKAHNYKKUR" ★★★★ KA. FBL
Harry Potter
SJÁÐU LOKAKAFLANN Í 3D
TRANSFORMERS
J.J. ABRAMS STEVEN SPIELBERG SUPER 8
KUNG FU PANDA 2

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER LUXUS VIP Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | VIP |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 6 - 9.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 2D kl. 8 - 11:10 | VIP |
| SUPER 8 kl. 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 Sýnd í 2D kl. 5.15 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER (3D) kl. 6 - 9 | 12 |
| TRANSFORMERS 3: DARK OF THE MOON kl. 6 - 9 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER DIGITAL-3D kl. 8 - 10:40 | 12 |
| TRANSFORMERS kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER 3D kl. 5.10 - 6.30 - 8 - 9.15 - 10.45 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D kl. 5 - 8 -10.30 | 12 |
| SUPER 8 kl. 8 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS kl. 5.45 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 5:45 - 9 | 12 |
| BEASTLY kl. 6 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER kl. 8 - 10.40 | 12 |
| MR POPPER'S PENGUINS kl. 5:40 - 8 | L |
| SOMETHING BORROWED kl. 10.20 | L |

tryggðu þér miða á SAMbio.is



**ÚTI ER ÆVINTÝRI** Jennifer Lopez og Marc Anthony eru skilin eftir sjö ára hjónaband. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skilnaður hjá stjörnupari

**Það kom mörgum í opna skjöldu þegar stjörnuparið Jennifer Lopez og Marc Anthony ákvað að slíta hjónabandi sínu. Nú hefur hins vegar komið í ljós að hjónabandið var langt frá því að vera fullkomið.**

„Þetta var mjög erfið ákvörðun fyrir alla og við biðjum ykkur um að virða einkalíf okkar á þessum erfiðu tímum." Svona hljóðaði sameiginleg yfirlýsing Jennifer Lopez og Marc Anthony þegar þau tilkynntu að sjö ára hjónabandi þeirra væri lokið. Parið á saman þriggja ára tvíbura, þau Max og Emme.

Þegar söng- og leikkonan Jennifer Lopez og hjartaknúsarinn Marc Anthony giftu sig árið 2004 voru margir vissir um að þetta hjónaband myndi endast lengur

> 7 ára hjónabandi leik- og söngkonunnar Jennifer Lopez og söngvarans Marc Anthony lauk fyrir skömmu.

en önnur í Hollywood. Þau sungu saman dúetta og sáust sjaldan á rauða dreglinum án hvors annars.

Nú þegar skilnaðurinn er staðreynd keppast fjölmiðlar vestanhafs við að birta fréttir af að hjónaband þeirra hafi ekki verið neinn dans á rósum.

„Anthony er valdasjúkur og réði öllu á heimili þeirra. Hann leyfði Lopez aldrei að fara einni í samkvæmi og líkaði illa þegar fjölmiðlar tóku af henni myndir án hans," segir ónefndur heimildarmaður við Daily Mail. „Þau elska hvort annað af mikilli ástríðu en þau rífast líka af ástríðu, og stundum svo mikið að það hefur komið til handalögmála," segir annar heimildarmaður við bandaríska slúðurblaðið Star.

Ástæða rifrildanna var oft líkamsvöxtur Lopez en Anthony fannst Lopez ekki nógu fljót að koma sér í form eftir barnsburð.

Eftir að Jennifer Lopez settist í dómarasætið í einum af vinsælasta raunveruleikaþætti Bandaríkjanna, American Idol, hefur ferill hennar tekið flug og tónlist Lopez klifrað upp vinsældalistana. Fjölmargir miðlar velta því fyrir sér hvort Anthony hafi að lokum ekki getað sætt sig við velgengni Lopez undanfarið ár.

Bæði Lopez og Antonhy eiga misheppnuð hjónabönd og sambönd að baki og eru öllu vön. Það á eflaust ekki eftir að líða á löngu áður en við sjáum þau birtast með nýjan maka upp á arminn á rauða dreglinum.

alfrun@frettabladid.is

# Norðmenn hrifnir af sönghópi

Sönghópurinn Þrjár raddir & Beatur er alfarið fluttur til Óslóar eftir að hafa starfað í Noregi með hléum síðan í september. Hópurinn leikur og syngur í nýrri auglýsingu fyrir franska bílaframleiðandann Peugeot eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu.

„Þetta var eiginlega út af hruninu. Það var svo lítið að gera í skemmtanabransanum á Íslandi að við ákváðum að taka sjensinn á að koma okkur á framfæri úti. Við fórum bara á viðburðaskrifstofur í Ósló og bönkuðum upp á í kjólum og jakkafötum, sungum eitt lag og fengum mjög jákvæð viðbrögð. Við höfum fengið ágætt að lifa af þessu," segir Bjartur, sem hefur einnig unnið fyrir sér sem uppistandari og plötusnúður á norskum skemmtistöðum.

Þrjár raddir og Beatur sendu nýlega frá sér sumarlagið Austurvöllur sem má finna á Facebook-síðu þeirra og einnig eru þau að



**FLUTT TIL NOREGS** Sönghópurinn Þrjár raddir & Beatur, sem er skipaður þeim Söndru, Bjarti, Ingu og Kenya, er fluttur til Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

undirbúa jólaplötu á ensku sem er ætluð fyrir Evrópumarkað. Fyrir tveimur árum gáfu þau út íslenska jólaplötu. „Í Noregi kaupa allir nýja jólaplötu fyrir hver einustu jól," segir Bjartur og vonast eftir góðum viðbrögðum við plötunni þar í landi. - fb



**NÝTT LAG** Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers hefur sent frá sér nýtt lag.

# Nýtt lag frá Chili Peppers

**Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers hefur sent frá sér fyrsta smáskífulagið af væntanlegri plötu sinni. Lagið nefnist The Adventures of Rain Dance Maggie. Þetta er í fyrsta sinn sem nýr gítarleikari sveitarinnar, Josh Klinghoffer, spreytir sig eftir að John Frusciante hætti fyrir tveimur árum. Platan, sem verður sú tíunda í röðinni, heitir I´m With You og er væntanleg í búðir í lok ágúst. Upptökustjóri var Rick Rubin sem hefur áður starfað með Red Hot Chili Peppers en einnig unnið með Metallica, Johnny Cash og Adele.**

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

Fáðu 30% stærra Heimilisbrauð í dag
afmælistilboð

15 ÁRA HEIMILIS BRAUÐ
1996-2011




Myllan heldur upp á 15 ára afmæli Heimilisbrauðsins allt árið. Fáðu afmælisgjöf. Fáðu núna 30% meira af Heimilisbrauði í dag á sama góða verðinu.

+30% meira afmælistilboð meira stærra afmæli meira

# Fáðu stærra Heimilisbrauð í dag

## Heimilisbrauðið er 15 ára. Fáðu 30% meira í dag.

Heimilisbrauðið er 15 ára. Myllan heldur upp á afmælið með margs konar kostaboðum, allt árið. Nú færðu Heimilisbrauðið 30% stærra en venjulega, á sama góða verðinu. Fylgstu vel með á myllan.is. Fáðu þér gott Heimilisbrauð í dag, 30% stærra.

Afmælistilboðið gildir á meðan birgðir endast.

15 ÁRA HEIMILIS BRAUÐ
1996-2011

Fáðu meira frá Myllunni!

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

Óvæntar afmælisgjafir með Heimilisbrauðinu. Vertu í afmæli allt árið. Fylgstu með á myllan.is.

# sport

sport@frettabladid.is



**ANDRI MARTEINSSON** var rekinn í gær sem þjálfari Víkings í Pepsi-deild karla. „Við erum að sjálfsögðu byrjaðir í viðræðum við þjálfara. Það verður unnið hratt í kvöld og við eigum fastlega von á því að tilkynna nýjan þjálfara á morgun (í dag),“ sagði Björn Einarsson, formaður Knattspyrnudeildar Víkings í gær. „Þetta var mjög erfið ákvörðun en stjórnin og Andri sjálfur voru sammála um það að félagið skipti öllu máli,“ sagði Björn.



**FYRIR STOLTIÐ** Blikar þurfa að snúa bökum saman í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Forkeppni Meistaradeildar:

## Sjö töp í röð

**FÓTBOLTI** Blikar fá tækifæri klukkan 18.45 í kvöld til þess að bjarga andlitinu og reyna jafnframt að enda sjö leikja taphrinu íslenskra liða í forkeppni Meistaradeildarinnar.

Blikar fá norsku meistarana í Rosenborg í heimsókn á Kópavogsvöllinn en Rosenborg vann fyrri leikinn í Þrándheimi 5-0 fyrir viku. Það var sjöunda tap ríkjandi Íslandsmeistara í röð í forkeppni Meistaradeildarinnar en FH (2010 og 2009) og Valur (2008) töpuðu öllum sínum leikjum.

FH slapp síðast við tap þegar liðið náði 1-1 jafntefli á útivelli á móti Bate Borisov frá Hvíta-Rússlandi 8. ágúst 2007. FH var líka síðasta liðið til að vinna leik í forkeppni Meistaradeildarinnar þegar liðið vann 4-1 sigur á HB frá Færeyjum 18. júlí 2007. Síðan hafa Íslandsmeistarar leikið tíu leiki í röð í Evrópukeppni án þess að vinna. - óój

# Miklar væntingar gerðar til mín

„Þetta er stór dagur fyrir AEK og fyrir gríska knattspyrnu,“ sagði forseti AEK þegar hann tilkynnti Eið Smára Guðjohnsen sem nýjan leikmann félagsins í gær. Eiður Smári mætti seint á blaðamannafundinn en baðst afsökunar á því enda ekki gott að byrja í mínus hjá kröfuhörðum blaðamönnum í Grikklandi.

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er orðinn leikmaður AEK í Grikklandi. Það verður tíunda atvinnumannafélagið hans á ferlinum og það fimmta síðan hann yfirgaf Barcelona fyrir tveimur árum. Eiður Smári skrifaði undir tveggja ára samning í gær, eignaði sér treyju númer 22 og var kynntur til leiks á vel sóttum blaðamannafundi í gær.

Eiður Smári byrjaði þó ekki vel því hann mætti hálftíma of seint á fundinn þar sem faðir hans, Arnór Guðjohnsen, lenti í umferðarteppu í Aþenu. Eiður Smári vildi ekki byrja fundinn án föður síns og umboðsmanns. Eiður bað þó alla viðstadda afsökunar á töfinni um leið og hann hóf fundinn.

Stavros Adamidis, hinn 37 ára forseti AEK, brosti út að eyrum á blaðamannafundinum um leið og hann bauð Eið Smára velkominn. „Það fylgir því mikill heiður og ánægja að geta kynnt leikmann eins og Guðjohnsen. Hann mun koma með mikil gæði inn í okkar lið og þetta er ein af stærstu leikmannakaupunum í sögu okkar félags. Ég vil bjóða Guðjohnsen velkominn í stærsta félagið í Grikklandi. Þetta er stór dagur fyrir AEK og fyrir gríska knattspyrnu,“ sagði Adamidis.

Eiður Smári var á leiðinni í West Ham þegar hann frétti af freistandi tilboði frá Arnari Grétarssyni og félögum hjá AEK.

„Forsetinn og Arnar sannfærðu mig um að þetta væri rétta áskorunin fyrir mig. Ég vissi ekki mikið um félagið fyrir fram en ég vil fá að taka þátt í að skrifa sögu AEK. Ég hreifst strax af metnaði forsetans og áhuga hans á að fá mig til félagsins,“ sagði Eiður Smári á blaðamannafundinum. Hann sagðist ekki þekkja mikið til leikmanna liðsins en hafði heyrt að þetta væri góð blanda af yngri og eldri leikmönnum.

„Ég lofa aldrei einhverju sem ég get ekki staðið við. Ég lofa því aðeins að klæðast AEK-búningnum stoltur og gera mitt allra besta. Þetta er ný áskorun fyrir mig. Ég veit ekki alveg hvað ég er að fara út í,“ sagði Eiður Smári sem var líka spurður út í formið, sem hefur verið mikið til milli tannanna á fólki eftir yfirlýsingar Tony Pulis, stjóra Stoke, í fyrra.

„Þeir sem efast um leikform og líkamlegt ástand mitt fá svör við þeim vangaveltum inni á vellinum. Það er ekki til neins að svara því hér. Ég ætla að svara



**EIÐUR SMÁRI** Hittir liðsfélaga sína fyrst í æfingaferð í Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

því inni á vellinum. Ég ætla að reyna að spila minn besta bolta og ná árangri með AEK. Það var mikilvægt fyrir AEK að félagið skyldi vinna bikarinn í fyrra en ég vil gera enn stærri hluti með félaginu á þessu tímabili,“ sagði Eiður Smári. Eiður viðurkenndi að móttökurnar á flugvellinum á mánudaginn hefðu haft mikil áhrif á hann.

„Þegar ég lenti á flugvellinum þá rann það strax upp fyrir mér að væntingarnar til mín eru gríðarlegar og það verður mikil pressa á mér. Það er samt alltaf pressa í fótbolta og við verðum bara að vinna í því að nýta hana rétt. Ég hef mikla reynslu af því að spila fótbolta undir pressu. Ég verð ánægður ef stuðningsmennirnir fá tækifæri til að fagna í lok tímabilsins,“ sagði Eiður Smári.

Eiður Smári er ekki alfarinn til Grikklands þrátt fyrir að hafa skrifað undir samning við AEK í gær. Hann mun fljúga aftur heim til Íslands til þess að ganga frá sínum málum áður en hann hittir nýju liðsfélagana. Eiður Smári mun síðan hitta AEK-liðið á fimmtudag eða föstudag en liðið er í æfingaferð í Slóveníu.

ooj@frettabladid.is






## ÚRSLITIN Í GÆR

### Pepsi-deild kvenna

**Grindavík-Valur 0-6**
0-1 Dagný Brynjarsdóttir (30.), 0-2 Thelma Björk Einarsdóttir (33.), 0-3 Kristín Ýr Bjarnadóttir (37.), 0-4 Caitlin Miskel (39.), 0-5 Rakel Logadóttir (54.), 0-6 Kristín Ýr Bjarnadóttir (67.)

**KR-Afturelding 0-3**
0-1 Marcia Rosa Silva (18.), 0-2 Anna Garðarsd. (26.), 0-3 Íris Dóra Snorradóttir (54.)

**Fylkir-Stjarnan 1-4**
0-1 Gunnhildur Yrsa Jónsd. (4.), 0-2 Gunnhildur (15.) 0-3 Ashley Bares (17.), 0-4 Gunnhildur (73.), 1-4 Anna Björg Björnsdóttir (78.)

**STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjarnan** | **10** | **9** | **0** | **1** | **29-7** | **27** |
| Valur | 10 | 8 | 1 | 1 | 29-8 | 25 |
| **ÍBV** | **10** | **6** | **2** | **2** | **18-5** | **20** |
| Þór/KA | 10 | 6 | 1 | 3 | 20-21 | 19 |

### 1. deild karla

**Þróttur-ÍA 0-6**
Ólafur Valur Valdimarsson 2 (55., 61.), Arnar Már Guðjónsson (27.), Ragnar Leósson (42.), Gary Martin (50.), Einar Logi Einarsson (90.+3).

**STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **13** | **12** | **1** | **0** | **39-5** | **37** |
| Selfoss | 12 | 8 | 1 | 3 | 25-12 | 25 |
| **Haukar** | **12** | **6** | **2** | **4** | **17-13** | **20** |
| Þróttur R. | 13 | 6 | 2 | 5 | 16-21 | 20 |
| **BÍ/Bolungarvík** | **12** | **6** | **1** | **5** | **17-22** | **19** |

Stjarnan og Valur með góða sigra í Pepsi-deild kvenna:

## Stjörnustúlkur eru áfram á siglingu

**FÓTBOLTI** Stjörnukonur eru áfram með tveggja stiga forskot á toppi Pepsi-deildar kvenna eftir leiki gærkvöldsins. Stjarnan og Valur, toppliðin í Pepsi-deild kvenna, unnu bæði leiki sína á útivelli en Afturelding vann síðan 3-0 útisigur á KR í þriðja leiknum. Þetta var fyrsti deildarsigur Mosfellsliðsins síðan í maí.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir kom Stjörnunni yfir strax á fjórðu mínútu með skalla eftir hornspyrnu Soffíu Gunnarsdóttur og ellefu mínútum síðar skoraði Gunnhildur aftur eftir stoðsendingu frá Soffíu. Ashley Bares skoraði síðan þriðja markið tveimur mínútum síðar og Stjarnan var því komin í 3-0 eftir aðeins 17 mínútna leik. Gunnhildur innsiglaði þrennu sína 17 mínútum fyrir leikslok með skalla eftir hornspyrnu frá Ingu Birnu Friðjónsdóttur áður en Anna Björg Björnsdóttir minnkaði muninn.

Valskonur komust aftur á sigurbraut með 6-0 stórsigri á botnliði Grindavíkur. Dagný Brynjarsdóttir opnaði markareikninginn eftir hálftíma leik og í framhaldinu skoraði Valsliðið þrjú mörk til viðbótar á næstu tíu mínútum. Eftir það voru úrslitin ráðin en Valsliðið bætti við tveimur mörk-



**ÞRENNA FYRIRLIÐANS** Stjörnustelpur fagna Gunnhildi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

um í seinni hálfleik. Kristín Ýr Bjarnadóttir skoraði tvö marka Vals.

Afturelding sótti þrjú stig á KR-völlinn og vann þar sinn fyrsta deildarsigur síðan í maímánuði. Afturelding komst líka upp fyrir KR og upp í 7. sætið með þessum 3-0 sigri. Marcia Rosa Silva skoraði fyrsta markið og nýju stelpurnar í Mosfellsbænum, Anna Garðarsdóttir (beint úr aukaspyrnu) og Íris Dóra Snorradóttir, skoruðu báðar í sínum fyrsta leik með liðinu. - óój



**REYNSLUBOLTAR** Jón Arnór, Logi og Hlynur, nýr fyrirliði. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

NM-hópur Íslands í körfu:

## Hlynur fyrirliði

**KÖRFUBOLTI** Peter Öqvist, landsliðsþjálfari karla í körfubolta, hefur tilkynnt þá tólf leikmenn sem munu taka þátt í Norðurlandamótinu í Sundsvall í Svíþjóð sem hefst um helgina.

Jón Arnór Stefánsson er í liðinu ásamt öllum atvinnumönnum Íslands en Öqvist valdi líka tvo nýliða í hópinn, Grindvíkinginn Ólaf Ólafsson og hinn 19 ára gamla Hauk Helga Pálsson.

Logi Gunnarsson er aldursforseti liðsins, sá sem hefur spilað flesta landsleiki (76) og hefur skorað flest stig (966). Hlynur Bæringsson mun taka við fyrirliðabandinu af Magnúsi Þór Gunnarssyni. - óój

**Íslenski NM-hópurinn:**

4 **Brynjar Þór Björnsson, KR**
9 landsleikir (þar af 0 í byrjunarliði), 29 stig

5 **Haukur Helgi Pálsson, Maryland**
Nýliði í A-landsliði karla

6 **Jakob Sigurðarson, Sundsvall, Svíþjóð**
44 landsleikir (24), 367 stig

7 **Finnur Atli Magnússon, KR**
2 landsleikir (0), 0 stig

8 **Hlynur Bæringsson, Sundsvall, Svíþjóð**
47 landsleikir (35), 442 stig

9 **Jón Arnór Stefánsson, Granada, Spáni**
50 landsleikir (39), 620 stig

10 **Helgi Már Magnúss., Uppsala, Svíþjóð**
62 landsleikir (24), 399 stig

11 **Ólafur Ólafsson, Grindavík**
Nýliði í A-landsliði karla

12 **Pavel Ermolinskij, KR**
14 landsleikir (11), 65 stig

13 **Hörður Axel Vilhjálmsson, Keflavík**
16 landsleikir (1), 53 stig

14 **Logi Gunnarsson, Solna, Svíþjóð**
76 landsleikir (47), 966 stig

15 **Sigurður Gunnar Þorsteinss., Keflavík**
21 landsleikir (10), 87 stig




EIMSKIPS MÓTARÖÐIN

# Allir í Leiruna!

## Sjáðu sterkustu kylfinga landsins á Íslandsmótinu í höggleik 21.–24. júlí.

Eimskipsmótaröðin er í fullum gangi og næst á dagskrá er sjálft Íslandsmótið í höggleik. Það verður haldið í Leirunni, golfvelli Golfklúbbs Suðurnesja, frá fimmtudegi til sunndags, 21.–24. júlí. Á þessum glæsilega velli munu flestir af sterkustu kylfingum landsins berjast um Íslandsmeistaratitilinn og glæsileg verðlaun frá Eimskip.

Komdu og sjáðu spennandi keppni, frábær tilþrif og taktu þátt í skemmtilegu happdrætti með glæsilegum vinningum. Sjáumst í Leirunni.

**Aðgangur er ókeypis!**

TAKTU ÞÁTT

## HAPPDRÆTTISMIÐINN ÞINN

Nafn ________________________________

Netfang ______________________________

Símanúmer ____________________________

Auktu spennuna og taktu þátt í skemmtilegu happdrætti.
Það eina sem þú þarft að gera er að fylla þennan miða út og skila honum í þar til gerðan kassa á mótsstað. 10 frábærir vinningar verða dregnir út á sunnudeginum.

- **1 x** 50.000 kr. gjafabréf frá Úrvali-Útsýn upp í golfferð í haust eða vor
- **1 x** Skemmtilegar golfbækur (Viðbúin/tilbúin golf, Berskjölduð á fyrsta teig og myndskreytt golfreglubók)
- **2 x** Sveiflugreining frá PróGolf
- **2 x** Púttgreining frá PróGolf
- **2 x** Titleist golfboltar NXT
- **2 x** DVD golfkennsla og Eimskipsmótaröðin 2010 á DVD

FÍTON / SÍA

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is



**> Liam Neeson**

„Að gifta sig og að setjast í helgan stein er ekki það mikilvægasta í lífi mínu.“

***Liam Neeson leikur í kvikmyndinni Taken, fyrrverandi leyniþjónustumann sem þarf að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ BIRGIR ÞÓR HARÐARSON KYNNIR SÉR SJÓNVARPSEFNIÐ NÁNAR**

## *Netið lumar á fullt af aukaupplýsingum*

Þegar ég horfi á sjónvarp vil ég helst ekki láta trufla mig. Það fer til dæmis ótrúlega í taugarnar á mér þegar ég er beðinn um að ryksuga hálfri mínútu eftir að ég hef fundið hina fullkomnu legu yfir klassísku sjónvarpsefni. Álíka pirrandi er að hafa brennandi áhuga á hverjir leikararnir eru og þurfa að standa upp og athuga nánar hvað leikarinn heitir.

En nú á ég iPhone-síma og þarf ekki að standa upp til að fara á IMDB eða Wikipediu. Það er snilld. En ég er frekar forvitinn gaur og það vill oft koma fyrir að ég villist inn í þennan upplýsingafrumskóg og nái ekki að komast út. Heilu klukkutímarnir geta farið í að lesa mér til um hitt og þetta tengt því sem ég er að horfa á. Um daginn komst ég meðal annars að því að Dumbledore í Harry Potter er samkynheigður og Portia de Rossi úr Arrested Development er gift Ellen DeGeneres. Svo komst ég að því að Hugh Laurie sem leikur House í samnefndum þáttum fékk hlutverkið eftir að hafa sent myndband af sér inni á klósetti í Namibíu.



**HOUSE** Internetið kenndi mér að Hugh Laurie sendi myndband af sér á klósetti í Namibíu til að fá hlutverk í House.

Á Wikipediu les ég ekki aðeins um leikarana heldur um sjónvarpsefnið sjálft líka. Dýpri pælingar leikstjóra og handritshöfunda skila sér oft ekki í minn heimska haus og ég á oft erfitt með að skilja af hverju þetta eða hitt gerist. Þá er gott að líta aðeins á internetið og lesa sér til. Ótrúlegustu hlutum er hægt að koma fyrir í einni senu. Eitthvað sem gerðist í fyrstu seríu hefur áhrif á meiningu þáttar í fimmtu seríu og svo framvegis.

Ég mæli því með því fyrir alla að lesa sér aðeins til um sjónvarpsefnið. Lesturinn hefur varpað mér enn dýpra í áhugavert efni um sturlaða lækna, fáránlegar fjölskyldur, efnafræðinga með krabbamein og heimskt fólk á skrifstofu.

### RÚV

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Reiðskólinn** (13:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.22 Sígildar teiknimyndir** (1:10)
**18.30 Komdu að sigla** (3:5)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**20.00 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**20.45 Herbergisþernan** (Idioma vo et va)
**21.00 Hringiða** (3:8) (Engrenages II)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kviksjá** (Englar alheimsins)
**22.25 Englar alheimsins** Kvikmynd eftir Friðrik Þór Friðriksson byggð á sögu Einars Más Guðmundssonar um ungan mann og glímu hans við tilveruna. Aðalhlutverk leika Ingvar E. Sigurðsson, Baltasar Kormákur, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Hilmir Snær Guðnason og Margrét Helga Jóhannsdóttir. (e)
**00.05 Kviksjá**
**00.15 Landinn** (e)
**00.45 Fréttir** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors** (73:175)
**10.15 Cold Case** (4:22)
**11.05 Glee** (3:22)
**11.50 Grey's Anatomy** (14:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Chuck** (16:19)
**13.50 In Treatment** (39:43)
**14.15 Gossip Girl** (12:22)
**15.00 iCarly** (22:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:21)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (18:24)
**19.35 Modern Family** (23:24)
**20.00 Hot In Cleveland** (1:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar í Cleveland og þær ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf.
**20.25 Cougar Town** (1:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends.
**20.50 Off the Map** (7:13)
**21.35 Ghost Whisperer** (19:22)
**22.20 True Blood** (1:12)
**23.10 Sex and the City** (13:20)
**23.40 NCIS** (23:24)
**00.25 Fringe** (21:22)
**01.10 Medium** (10:22)
**01.55 The Onion Movie**
**03.20 The Band's Visit**
**04.45 Off the Map** (7:13)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**17.35 Norðurálsmótið** Sýndar svipmyndir frá Norðurálsmótinu á Akranesi.
**18.15 Barcelona - Man. Utd. 2.11. 1994** Barcelona og Manchester United hafa háð nokkra hildi á knattspyrnuvellinum í gegnum árin. Sigur Rauðu djöflanna á Börsungum í úrslitaleik Evrópukeppni bikarhafa 1991 er með þeim eftirminnilegri. Liðin drógust síðan saman í Evrópukeppni meistaraliða þremur árum síðar og þá ætluðu Spánverjarnir að hefna ófaranna. Eftir 2-2 jafntefli á Englandi stóð Barcelona vel að vígi og leikmenn Manchester United fengu heldur betur að kenna á því.
**20.00 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**21.15 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um nafnbótina Sterkasti maður Íslands þar sem allir helstu kraftajötnar landsins taka á öllu sem þeir eiga.
**21.40 Pétur Jóhann Sigfússon** Eitt best geymda leyndarmál íslenskrar íþróttasögu sýnir allar sínar bestu hliðar en þessi ástsælasti íþróttamaður Íslands fyrr og síðar leiðir Auðunn Blöndal í gegnum allan sannleikann um hæfileika sína á hinum ýmsu sviðum.
**22.20 Barcelona - Man. Utd. 25.11. 1998**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (11:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How To Look Good Naked** (3:8)
**19.00 The Marriage Ref** (9:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (13:27).
**20.10 Top Chef** (9:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.00 My Generation** (4:13) Bandarísk þáttaröð í heimildarmyndastíl sem fjallar um útskriftarárgang frá árinu 2000 í Texas. Þáttagerðarmenn heimsækja skólafélagana tíu árum síðar og sjá hvort draumar þeirra hafi brostið eða ræst. Dawn fer fyrr á fæðingardeildina en ætlað var á meðan Rolly er fastur í Afganistan. Vinir hennar mæta á staðinn og sýna henni stuðning.
**21.50 The Bridge** (3:13)
**22.40 The Real L Word: Los Angeles - LOKAÞÁTTUR** (9:9)
**23.25 Parenthood** (12:13) (e)
**00.10 Royal Pains** (12:13) (e)
**00.55 Hawaii Five-0** (20:24) (e)
**01.40 Law & Order: Los Angeles** (17:22) (e)
**02.25 CSI** (6:23) (e)
**03.10 Will & Grace** (13:27) (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

### 2 EXTRA

**19.40 The Doctors** (152:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.25 Grillskóli Jóa Fel** (5:6) Jói Fel snýr aftur í glænýrri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjötsneiðar, hamborgara og pylsur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 The Middle** (21:24)
**22.15 Bones** (17:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.00 Entourage** (4:12)
**23.30 Bored to death** (7:8)
**00.00 Daily Show: Global Edition**
**00.25 Grillskóli Jóa Fel** (5:6)
**01.00 The Doctors** (152:175)
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### 2 BÍÓ

**08.00 Mr. Deeds**
**10.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**12.00 Kapteinn**
**14.00 Mr. Deeds**
**16.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**18.00 Kapteinn**
**20.00 Taken**
**22.00 The Take**
**00.00 Clerks 2**
**02.00 Proof**
**04.00 The Take**
**06.00 The Things About My Folks**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Undanúrslit** Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.
**17.55 Portsmouth - Chelsea** Útsending frá æfingaleik Portsmouth og Chelsea.
**19.40 Undanúrslit** Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.
**21.25 Ronaldinho** Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho sem var af mörgum talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims snemma á þessum áratugi.
**21.55 Season Highlights 2001/2002** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.50 Undanúrslit** Útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.
**00.35 Undanúrslit** Bein útsending frá leik í undanúrslitum í Copa America 2011.

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**06.10 Golfing World**
**07.00 Opna breska meistaramótið 2011** (2:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 US Open 2008 – Official Film**
**19.45 US Open 2009 – Official Film**
**20.40 Champions Tour – Highlights** (13:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (29:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour – Highlights** (26:45)
**23.45 ESPN America**

### N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### ÍNN

**20.00 Gestagangur hjá Randveri** Randver tekur á móti gestum.
**20.30 Veiðisumarið** Bender, Aron og Leifur á veiðislóðum.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg í essinu sínu.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur Ólafsson fjalla um stjórnmál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Hot In Cleveland

Ný gamanþáttaröð um þrjár vinkonur sem eru á leið frá Hollywood til Parísar en flugvélin þeirra brotlendir í Cleveland og þær ákveða að staldra aðeins við. Í kvöld snúa einnig Cougar Town og True Blood aftur á Stöð 2.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.31** Út um græna grundu **21.28** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **23.05** Risar falla **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.05** Deal or No Deal **11.40** Deal or No Deal **12.15** Deal or No Deal **12.45** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.10** Fawlty Towers **16.40** 'Allo 'Allo! **17.05** 'Allo 'Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.50** QI **00.20** QI

### DR 1

**11.15** Bag kulisserne i Zoo **11.45** Et rigtigt cirkusliv **12.15** Forandring på vej **12.45** Hammerslag Sommermix **13.15** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Linus i Svinget **15.00** Miss Marple **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Kvinde-mod **21.35** Onsdags Lotto **21.40** Ved du hvem du er? **22.40** Kyst til kyst

### NRK 1

**11.35** Harry - seks år og kokkelærling **12.05** Grønn glede **12.35** Fotoskolen Singapore **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Svenske hemmeligheter **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Herskapelig redningsaksjon **18.20** Luftens helter **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Mordene på Skärsö **21.15** Kveldsnytt

### SVT 1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Dieternas kamp **14.50** K-märkta ord **14.55** Allsång på Skansen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** En svensk sommar i Finland **16.55** Via Sverige **17.10** Schlagerpärlor **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommarmord **19.30** The Tudors **20.20** Golf **20.50** Undercover Boss **21.35** Jämna plågor **22.05** Damages **22.50** Rapport **22.55** Vem tror du att du är?







512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## SUNDLAUGIN MÍN



*„Náttúrulaugin í Selárdal er alveg yndisleg. Hún er það snyrtileg að það lítur út fyrir að einhver sé í vinnu þarna, en svo er ekki.“*

Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður.

# Scott takmarkar aðgengi að Dettifossi

Aðgengi ferðamanna að Dettifossi verður lokað að austanverðu á fimmtudag og föstudag á meðan tökur á stórmyndinni Prómeþeusi fara þar fram. Opið verður fyrir aðgang vestan megin við fossinn.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum stóð til að loka aðgenginu bæði austan- og vestanmegin en hætt var við það. „Það var í raun farinn millivegurinn til að loka ekki alfarið fyrir umferð ferðamanna. Það var eftir mjög góða samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar og Vatnajökulsþjóðgarð sem það var ákveðið,“ segir Þór Kjartansson, starfsmaður framleiðslufyrirtækisins True North ,sem aðstoðar tökulið Prómeþeusar. Hann bætir við að björgunarsveitarmenn verði á vakt vestan megin við fossinn til að leiðbeina fólki á réttan stað svo það fái litið hinn glæsilega foss án þess að trufla tökurnar.

Aðspurður segir Þór að tökulið Prómeþeusar, með leikstjóranum Ridley Scott í fararbroddi, sé gríðarlega ánægt með dvölina á Íslandi og allt hafi gengið eins og í sögu. „Ísland hefur skartað sínu fegursta og á eflaust eftir að vekja mikla lukku þegar það kemst á hvíta tjaldið,“ segir hann.

Tökur á Prómeþeusi hófust 11. júlí við rætur Heklu og er áætlað að þær standi yfir í tvær vikur. Með helstu hlutverk fara Óskarsverðlaunaleikkonan Charlize Theron, X-Men-hetjan Michael Fassbender og Lisbeth Salander-leikkonan Noomi Rapace. **- fb**



**ÁNÆGÐUR Á ÍSLANDI** Leikstjórinn Ridley Scott er gríðarlega ánægður með dvölina á Íslandi.



**DETTIFOSS LOKAÐUR AF** Aðgengi að Dettifossi verður lokað að austanverðu á fimmtudag og föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ástarsambönd fárra Íslendinga vekja meiri athygli en þau sem glamúrgellan **Vala Grand** stofnar til. Það fór til að mynda ekki fram hjá neinum þegar hún byrjaði með hinum danska Nicolai Voll, sem rekur hugbúnaðarfyrirtæki í heimalandi sínu, fyrir nokkrum vikum. En eins og allt þá er hamingjan hverful og í gær kom í ljós að Vala og Voll eru hætt saman í bili. Vala segir sjálf að þau hafi ákveðið að taka sér „pásu“. Pressan birti svo stutt viðtal við Voll sem sagði að BMW-bíll sem hann á að hafa gefið Völu þegar þau voru saman sé ekki hennar. Það sé misskilningur því bíllinn sé hans. **- afb**



ERPUR EYVINDARSON: SÉ HÆFILEIKA SNEMMA

# Dæmir norræna rapparakeppni

„Keppnin er fyrst og fremst hugsuð fyrir ungt fólk sem er að reyna að koma sér á framfæri,“ segir rapparinn Erpur Eyvindarson.

Erpur situr í dómnefnd norrænu rappkeppninnar Rap It Up. Keppnin er opin öllum ungum röppurum á Norðurlöndum á aldrinum 14 til 22 ára, en eina skilyrðið er að þeir rappi á norrænni tungu. Rap It Up hófst hinn 11. maí og geta þátttakendur sent inn sitt framlag til 14. ágúst.

Keppendur hlaða upp einföldum myndböndum á vefsíðuna www.rapitup.org, og sérstakur vinnuhópur sér síðan um að velja átta bestu framlögin. Dómnefndin, með Erp innanborðs, sér svo um að skera úr um sigurvegara á úrslitakvöldi í Stokkhólmi hinn 30. september og fær sigurvegarinn 1.000 evrur að launum og tækifæri til að taka upp í fyrsta flokks hljóðveri í Stokkhólmi.

> Ég veit um fullt af liði hér á Íslandi sem ætlar að taka þátt.
>
> **ERPUR EYVINDARSON** RAPPARI

„Ég veit um fullt af liði hér á Íslandi sem ætlar að taka þátt,“ segir Erpur, sem oft er beðinn um að dæma í söng- og tónlistarkeppnum hérlendis. Hann er því fljótur að koma auga á þá sem hafa hæfileika. „Ég heyri það mjög snemma ef það er eitthvað varið í liðið. Jafnvel þó að listamaðurinn sé ekki fullmótaður, þá sér maður alveg ef það eru einhverjir hæfileikar þarna.“

Dómnefnd keppninnar er skipuð einvalaliði norrænna hipphoppara og ber Erpur þeim vel söguna. „Salazar Brothers eru goðsagnakenndasta rapphljómsveit Svía. Ég er búinn að fylgjast með þeim síðan ég var ellefu ára gamall. Joddski frá Noregi er mjög þekktur og Per Vers frá Danmörku er algjört „legend“,“ segir Erpur, en fleiri norrænir rapparar sitja einnig í dómnefnd.

Áhugasamir geta kynnt sér reglur keppninnar og fengið frekari upplýsingar á vefsíðunni www.rapitup.org. **kristjana@frettabladid.is**



**TIL Í SLAGINN** Erpur Eyvindarson situr í dómnefnd norrænu rappkeppninnar Rap It Up. Sigurvegari keppninnar fær peningaverðlaun og tækifæri til að taka upp í fyrsta flokks hljóðveri í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Gott að hafa nóg fyrir stafni

„Þegar mér bauðst hlutverkið í Gulleyjunni var ég ekki lengi að stökkva á það,“ segir Þórunn Erna Clausen en þegar Fréttablaðið náði af henni tali var hún stödd uppi í sumarbústað.

„Það er gaman að segja frá því að Siggi [Sigurjónsson] hringdi í mig í hléi á einleiknum Ferðasögu Guðríðar og bauð mér hlutverkið. Það var búið að ganga vel að sýna einleikinn og þessi dagur varð því alveg extra góður eftir símtalið við Sigga.“

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá skrifuðu félagarnir Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson leikgerðina að Gulleyjunni upp úr skáldsögu Roberts Louis Stevenson og leikur Þórunn þar við hlið Björns Jörundar Friðbjörnssonar, Þóru Karitasar Árnadóttur og Kjartans Guðjónssonar. Sýningin verður frumsýnd í byrjun næsta árs og er samstarf Leikfélags Akureyrar og Borgarleikhússins.

„Aðallega hlakka ég til að skylmast og berjast almennilega. Þegar ég var í skólanum var það eitt af mínum sérsviðum en ég hef voða lítið þurft að nota þá kunnáttu hingað til.“

Það er nóg fram undan hjá Þórunni eftir fríið en hún er aðstoðarleikstjóri í Galdrakarlinum í Oz, sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu í september. Einnig ætlar hún að hlaupa í skarðið fyrir Nínu Dögg Filippusdóttur í ferð Vesturports með leiksýninguna Faust til Kóreu í október. Sex mánuðir eru síðan eiginmaður Þórunnar, tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink, lést og vill Þórunn meina að öll vinnan hjálpi henni í sorgarferlinu. „Ég er þannig týpa að ég þrífst best þegar ég hef nóg að gera. Einnig er ég fegin að hafa eitthvað að þessum erfiðu tímum.“ **alfrun@frettabladid.is**



**SJÓRÆNINGI** Þórunn Erna Clausen hefur í nógu að snúast á næstunni en hún bregður sér í hlutverk sjóræningja í sýningunni Gulleyjan í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

# SUMAR LAGERSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG GOLFFATNAÐI**



## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

| VERÐDÆMI | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| **Útivist:** | | |
| 3 laga jakkar | 37.990 | **15.900** |
| 3 laga buxur | 37.990 | **18.900** |
| Útivistarjakkar | 24.990 | **9.900** |
| Barnaúlpur | 17.990 | **7.900** |
| Primaloft úlpur | 35.990 | **17.900** |
| Superstretch-peysur | 17.990 | **7.900** |
| Gönguskór | 29.990 | **19.900** |
| Soft shell barnapeysur | 14.990 | **2.900** |
| Barnaregnjakkar | 10.990 | **4.900** |
| Regnbuxur | 12.990 | **7.900** |
| Göngubuxur | 19.990 | **7.900** |
| Soft shell jakkar | 19.990 | **6.900** |
| **Golf:** | | |
| Golfjakkar | 19.990 | **9.900** |
| Golfbolir | 10.990 | **5.900** |
| Golfpeysur | 13.990 | **7.900** |
| Golfregnbuxur | 22.990 | **12.900** |
| Golfbuxur | 14.900 | **8.900** |

### OPNUNARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 20. júlí | kl. 12–20 |
| Fimmtudagur | 21. júlí | kl. 12–20 |
| Föstudagur | 22. júlí | kl. 12–20 |
| Laugardagur | 23. júlí | kl. 10–18 |
| Sunnudagur | 24. júlí | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 25. júlí | kl. 12-20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skyr og ísklifur

Ástralska hljómsveitin Cut Copy kom til landsins í gær og kemur fram á tónleikum á Nasa í kvöld. Meðlimir hljómsveitarinnar eru mikil náttúrubörn og byrjuðu á því að koma við í kjörbúð og birgja sig upp af skyri. Þá hugðist einn af Cut Copy-liðum ganga á Esjuna í gær, en hætti snarlega við þegar honum bauðst að fara í ísklifur með skömmum fyrirvara, þannig að Esjan varð að víkja fyrir adrenalín-aukandi ísveggnum.



### Jóhanna ræður engan

Hætt hefur verið við að ráða upplýsingafulltrúa í forsætisráðuneytið eins og til hefur staðið í hálft ár. Starf sérfræðings í upplýsingamálum í ráðuneytinu var auglýst í upphafi árs og um miðjan mars rann umsóknarfrestur út. Starfið reyndist býsna vinsælt því í ljós kom að 37 höfðu sótt um, þeirra á meðal reyndir fjölmiðlamenn. Tíu vikur liðu þangað til umsækjendur voru boðaðir í viðtöl og tók þá við strangt ferli þar sem þeir voru spurðir spjörunum úr af æðstu ráðamönnum þjóðarinnar. Um síðustu mánaðamót lauk svo óvissunni sem ríkti um stöðuna þegar umsækjendurnir fengu bréf, sem efnislega var á þá leið sem lýst er hér að ofan: Hætt hefur verið við að ráða í starfið. Engin skýring fylgdi. Fregnir herma að nokkrir umsækjendur séu óánægðir með að hafa verið svo að segja dregnir á asnaeyrunum í allan þennan tíma.



- afb, sh

## Mest lesið Vísir

1. Ferðamenn aka ofan í ketil sem er að springa
2. Fundu þrjá áður óþekkta sigkalta í Mýrdalsjökli
3. Fimm þúsund króna sekt fyrir að horfa á fótboltaleik í Fossvoginum
4. Vonsviknir farþegar fá nýja flugmiða, 400 evrur og út að borða





